

Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2018-2019



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi



Ársskýrsla Blindrafélagsins
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2018-2019

SKÝRSLA STJÓRNAR	4
STEFNUMÓTUN, LÖG, SIÐAREGLUR OG VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR	4
FÉLAGSFUNDIR	5
SAMSTARFSFUNDIR	6
SAMSTARF VIÐ FJÓLU	7
ALÞJÓÐASAMSTARF	7
FERÐAÞJÓNUSTA BLINDRAFÉLAGSINS	8
LEIÐSÖGUHUNDAVERKEFNIÐ	9
VIÐHALDSFRAMKVÆMDIR Á HAMRAHLÍÐ 17	10
ALÞJÓÐLEGI SJÓNVERNDARDAGURINN OG DAGUR HVÍTA STAFSINS	11
AFMÆLISÁRIÐ	12
VARÐVEISLA MENNINGARARFS BLINDRAFÉLAGSINS	12
SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS	13
AÐGENGISMÁL	14
PUNKTALETUR	15
MÁLSTOFUR.....	16
HÁDEGISSPJALL	16
VIÐHORFSMÆLINGAR BLINDRAFÉLAGSINS	17
<i>Lífshamingja og velferð</i>	18
<i>Neikvæðir atburðir, áreitni og kynbundið ofbeldi</i>	19
SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA	19
BAKHJARLAR.....	20
JAFNINGJASTUÐNINGUR, TRÚNAÐARMENN OG STUÐNINGSNETIÐ	21
SAMSTARFSADILAR.....	22
ÚTGÁFUMÁL OG UPPLÝSINGAFLÆÐI.....	22
TÖLVU- OG TÆKNIÞEKKING	23
RÉTTINDAGÆSLA.....	24
LOKAORÐ	24
STARFSEMI SKRIFSTOFU	26
FERÐAÞJÓNUSTA BLINDRAFÉLAGSINS	28
<i>Hagtölur ferðaþjónustu Blindrafélagsins fyrir 2018</i>	29
<i>Samanburður á kostnaði</i>	30
<i>Verðmæt þjónusta</i>	30
VÖRUSALA OG TÆKJALEIGA.....	31
<i>Vörusala</i>	31
<i>Handi-friendly</i>	31

<i>Tækjaleiga</i>	31
ÞJÓNUSTUSAMNINGAR OG FENGNIR STYRKIR	32
<i>Styrkur frá velferðarráðuneytinu fyrir árið 2018</i>	32
<i>Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg</i>	32
<i>Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands</i>	32
<i>Aðrir styrkir og gjafir</i>	32
FJÁRAFLANADEILD BLINDRAFÉLAGSINS	33
<i>Fjáraflanir 2018</i>	33
<i>Happdrætti</i>	33
<i>Víðsjá</i>	34
<i>Jóla kort</i>	35
<i>Leiðsöguhundadagatöl</i>	35
<i>Bakhjarlar</i>	35
<i>Fyrirtækjasöfnun</i>	36
REKSTUR FASTEIGNA.....	36
<i>Útleiga á húsnæði</i>	36
<i>Viðhaldsframkvæmdir utanhúss</i>	37
<i>Brunavarnir</i>	38
FÉLAGSMÁLAEILD	38
ÁRSSKÝRSLA TÆKNIMÁLA 2018–2019.....	38
<i>Kynning</i>	38
<i>Aðgengisfulltrúi tekinn til starfa</i>	39
<i>Vefvarp Blindrafélagsins</i>	39
<i>Samstarf við ReadSpeaker</i>	39
<i>Samstarf við SiteImprove</i>	40
<i>Talgervilsraddirnar Karl og Dóra</i>	40
<i>Farsímar og snjallsímar</i>	41
ÁRSSKÝRSLA TRÚNAÐARMANNA BLINDRAFÉLAGSINS 2018–2019	42
SKÝRSLA ALÞJÓÐAFULLTRÚA 2018–2019	43
ÁRSSKÝRSLA RÁÐGJAFNA 2018–2019.....	44
MÖTUNEYTI BLINDRAFÉLAGSINS	45
FÉLAGSSTARFIÐ	47
<i>SUÐURLANDSDEILD 2019</i>	47
<i>SKÝRSLA STJÓRNAR SUÐURNESJAEILDAR 2018</i>	47
<i>ÁRSSKÝRSLA BÓKMENNTAKLÚBBS 2018</i>	48
<i>ÁRSSKÝRSLA FORELDRADEILDAR 2018–2019</i>	49
<i>ÁRSSKÝRSLA JAFNRÉTTISNEFNDAR 2018–2019</i>	49

VALDAR GREINAR 43. ÁRGANGS Í ÁRSSKÝRSLU 2018–2019	50
RETINA ÍSLAND.....	53
ÁRSSKÝRSLA OPINS HÚSS 2018–2019.....	55
ÁRSSKÝRSLA UNGBLIND 2018–2019.....	57
<i>Dream it, Do it</i>	58
ÁRSSKÝRSLA TÓMSTUNDANEFNDAR 2018–2019	58
ÁRSSKÝRSLA SKEMMTINEFNDAR 2018–2019	59
ÁRSSKÝRSLA PRJÓNAKAFFIS 2018	60
SKÝRSLA FERÐA- OG ÚTIVISTARNEFNDAR	60
AÐRAR SKÝRSLUR.....	62
BLINDRAVINNUSTOFAN 2018.....	62
STUTT YFIRLIT YFIR STARFSEMI HLJÓÐBÓKASAFNS ÍSLANDS ÁRIÐ 2018	63
<i>Nýjungar á árinu</i>	63
<i>Bókakostur, miðlun og útlán</i>	63
<i>Alþjóðlegt samstarf</i>	64
<i>Næstu skref</i>	65
SKÝRSLA FRÁ ÞJÓNUSTU- OG ÞEKINGARMÍÐSTÖÐ FYRIR BLINDA, SJÓNSKERTA OG EINSTAKLINGA MEÐ SAMÞÆTTA SJÓN- OG HEYRNARSKERÐINGU 2018	65
<i>Almennt</i>	65
<i>Notendur</i>	66
<i>Bókagerð</i>	67
<i>Fræðsla</i>	67
<i>Þróunarverkefni</i>	68
<i>Þakkir</i>	68

Skýrsla stjórnar

Ársskýrsla stjórnar Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2018–2019 gerir grein fyrir helstu áherslum og nýjungum í starfi og stefnumótun stjórnar félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í fundargerðir stjórnar sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2018–2019 hélt samtals 19 stjórnarfundum auk vinnufunda. Í upphafi starfsársins var stjórnarskipan eftirfarandi:

Sigþór Unnsteinn Hallfredsson formaður.

Lilja Sveinsdóttir varaformaður.

Eyþór Kamban Þrastarson gjaldkeri.

Hjalti Sigurðsson ritari.

Rúna Ósk Garðarsdóttir meðstjórnandi.

Dagný Kristmannsdóttir varamaður.

Guðmundur Rafn Bjarnason varamaður.

Rósa Ragnarsdóttir varamaður.

Pórarinn Þórhallsson varamaður.

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosnir til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Guðmundur Rafn Bjarnason,

Hjalti Sigurðsson,

Rósa Ragnarsdóttir,

Rúna Ósk Garðarsdóttir.

Stefnumótun, lög, siðareglur og viðbragðsáætlanir

Grundvöllur Blindrafélagsins er í skráðum lögum og gildum félagsins. Á þeim byggist stefnumótun og starfsmarkmið félagsins. Á þessum grunni, ásamt viðmiðum um samfélagslega ábyrgð og almennt siðferði, hefur félagið sett sér siðareglur og

viðbragðsáætlun gegn kynferðislegu ofbeldi og í eineltismálum. Á þessum grunni hvílir laga- og siðferðisleg umgjörð Blindrafélagsins sem sett er fram í eftirfarandi ramma.

- Lög Blindrafélagsins.

- Gildi Blindrafélagsins.
- Siðareglur Blindrafélagsins, sem varða alla sem taka þátt í starfsemi félagsins.
- Sérstakar siðareglur kjörinna fulltrúa, ítarlegri en almennar siðareglur Blindrafélagsins.
- Sérstakar siðareglur fyrir starfsmenn Blindrafélagsins sem, eins og siðareglur kjörinna fulltrúa, ganga lengra en almennar siðareglur félagsins.
- Viðbragðsáætlun Blindrafélagsins gegn kynferðisbrotum.
- Viðbragðsáætlun í eineltismálum.
- Stefnumótun, stefna og starfsmarkmið.

Siðareglur og viðbragðsáætlanir eru ekki til þess fallnar að breyta fortíðinni en eru hins

vegar þeim mun mikilvægari viðmið um breytni í nútíð og framtíð, samkomulag sem við höfum komið okkur saman um og undirgöngumst að fylgja innan félagsins en síðast en ekki síst mikilvægt leiðarljós og leiðbeiningar um viðbrögð ef eitthvað bregður út af. Í viðbragðsáætluninni gegn kynferðislegu ofbeldi er skýr stefnumörkun um að kynferðislegt ofbeldi er ekki liðið innan Blindrafélagsins og að þolandi njóti ávallt verndar og eigi kost á að sækja sér aðstoðar til fagráðs Blindrafélagsins. Viðbragðsáætlun Blindrafélagsins vegna eineltis miðar að því að skilgreina hvað felst í hugtakinu einelti og taka af allan vafa um að einelti er ekki liðið innan félagsins. Í henni eru leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við einelti og í hvaða farveg slík mál fara.

Félagsfundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir félagsfundir. Fyrri fundurinn var haldinn 21. nóvember þar sem aðalumfjöllunarefnið var annars vegar afhending þriggja

leiðsöguhunda sem Blindrafélagið færði Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og

heyrnarskerðingu, sem úthlutaði þeim til nýrra notenda og hins vegar voru kynntar bráðabirgðaniðurstöður úr könnun á húsnæðisaðstæðum félagsmanna.

Seinni fundurinn var haldinn 21. febrúar og var þá fjallað um

fyrirhugaðar breytingar á almannatryggingakerfinu og niðurstöður könnunar sem Gallup gerði fyrir Blindrafélagið á húsnæðisstöðu félagsmanna, lífshamingju og velferð og tíðni neikvæðra atburða, áreitni og kynbundins ofbeldis.

Samstarfsfundir

Reglulegir samstarfsfundir stjórnar, nefnda og deilda félagsins hafa lengi verið fastur liður í skipulagningu innr starfs félagsins og er komin góð reynsla á þetta fyrirkomulag. Megintilgangur þessara funda er að kynna og samræma allt það fjölbreytta starf sem unnið er innan Blindrafélagsins. Samstarfsfundirnir eru að jafnaði haldnir í september og janúar og tækifærið hefur einnig gjarnan verið notað til að brjóta fundina upp með fræðslufyrirlestrum sem eiga erindi við fundarmenn.

Á haustfundinn mætti Guðjón Svansson og lagði út af bók sinni „Njóttu ferðalagsins! Ráð til þabans (mömmur mega lesa)“. Það var afar áhrifaríkur fyrirlestur sem minnti á að lífið er núna. Á fundinn í janúar kom Kristján Gíslason og sagði

frá ferðalagi sínu á mótorhjólum umhverfis hnöttinn og þeim praktísku áskorunum sem þurfti að leysa úr en lagði líka áherslu á hversu mikil áraun ferðin var andlega og hvernig það breytti honum til frambúðar.

Á samráðsfundinum í janúar var dagskránni breytt lítillega með það að markmiði að skapa meira rými fyrir umræður á fundinum. Að þessu sinni var það svigrúm nýtt af Ungblind sem leiddi fundarmenn inn í umræður um stefnu og markmið Blindrafélagsins í atvinnumálum. Þessi nýbreytni tókst svo vel að hún verður þróuð áfram.

Samstarfsfundirnir voru að venju vel sóttir, vel yfir 30 manns á hvorum fundi, og almenn ánægja með hvernig til tókst.

Samstarf við Fjólu

Fjóla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, hefur starfsaðstöðu sína á skrifstofu Blindrafélagsins. Náið samstarf félaganna byggir á áralangri hefð sem hefur verið fest í sessi með formlegum og gagnkvæmum samstarfssamningi. Samkvæmt samningnum hafa félögin með sér nána samvinnu um sameiginleg málefni og gagnkvæma upplýsingagjöf. Félagsmönnum beggja félaganna býðst að taka

gagnkvæman þátt í viðburðum félaganna eftir því sem við á, auk þess sem Blindrafélagið veitir Fjólu rekstarstyrk sem nemur afnotum Fjólu af skrifstofurými og annarri aðstöðu í Hamrahlíð 17. Félagið var stofnað 15. mars árið 1994 og fagnar því 25 ára afmælinu í ár. Af því tilefni færði Blindrafélagið Fjólu 1 m.kr. í afmælisgjöf til styrktar því mikilvæga starfi sem þar er sinnt.

Alþjóðasamstarf

Alþjóðasamtök sem Blindrafélagið á aðild að halda ársfundir sína ýmist á tveggja eða fjögurra ára fresti. Nú hitti þannig á að ekkert þessara félaga hélt ársfund sinn á liðnu starfsári en framundan er aðalfundur EBU, evrópsku blindrasamtakanna (European Blind Union), í október 2019. Aðalfundur og ráðstefna Retina International, RIWC2020, verður haldin í Reykjavík í byrjun júní 2020, ráðstefnan verður í Hörpu í samstarfi við norræna augnlæknaþingið sem haldið verður á sama tíma. Næsti aðalfundur WBU,

alheimssamtaka blindra og sjónskertra (World Blind Union), verður í júní 2020. Eins og fyrr tók félagið virkan þátt í samstarfsfundum forystumanna norrænu blindrafélaganna (NSK), kvennanefndarinnar (NKK) og ungmennanefndarinnar (NUK). Þessar nefndir hittast að jafnaði tvisvar á hverju starfsári. Fulltrúar Blindrafélagsins á þessum vettvangi eru formaður, varaformaður, alþjóðafulltrúi, formaður jafnréttisnefndar og formaður Ungblind. Annað hvert ár er þetta samstarf útvíkkað og efnt til ráðstefnu á

vegum norrænu blindra-samtakanna. Síðasta ráðstefna var haldin í Danmörku 2017 þar sem þemað var samskipti og boðleiðir inn á við og út á við og hvaða leiðir virka best í þjóðfélagi nútímans. Næsta ráðstefna verður í Svíþjóð í ágúst 2019 og verður meginstef hennar tækifærin og ógnanirnar sem skapast fyrir blint og sjónskert fólk samfara hinni öru tækniþróun og snjalltækjavæðingu. Árlegur samráðsvettvangur forystumanna norrænu RP-félaganna og deilda var að þessu sinni haldinn í Noregi í ágúst.

Allir samráðsviðburðir á vegum norrænu samtakanna eru haldnir til skiptis í hverju landi fyrir sig.

Blindrafélagið á aðild að eftirtöldum alþjóðlegum samtökum:

- European Blind Union (EBU)
- Nordisk Samarbejdskomité (NSK), Nordisk kvinnokommitté (NKK) og Nordisk ungdomskommitté (NUK)
- Retina International (RI)
- World Blind Union (WBU)

Ferðaðjónusta Blindrafélagsins

Skilvirk ferðaðjónusta hefur sýnt sig að vera eitt mikilvægasta réttindamálið, að mati félagsmanna, til að þeir fái notið þeirra sjálfsögðu mannréttinda að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Samningur um ferðaðjónustu við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er fyrsti og umfangsmesti samningurinn sem félagið hefur gert um ferðaðjónustu og hefur verið fyrirmynd að samningum við fleiri sveitarfélög. Mikil ánægja er á meðal notenda með þessa

útfærslu á þjónustunni og hafa kannanir á meðal félagsmanna staðfest það. Á síðasta ári gerði Blindrafélagið samsvarandi tilraunasamning, til eins árs, við Kópavogsbæ um ferðaðjónustu fyrir lögblinda íbúa í Kópavogi. Samningurinn var endurnýjaður núna í mars og gildir nú til þriggja ára. Rétt eins og hjá notendum kom fram að mikil ánægja er hjá bæjaryfirvöldum í Kópavogi með þetta fyrirkomulag. Félagið átti í viðræðum við Vestmannaeyjabæ um

ferðapjónustu á svipuðum forsendum þar í bæ en bæjaryfirvöld ákváðu að setja af stað reynsluverkefni til að prófa aðra útfærslu.

Áfram verður unnið að því að koma á samningi um ferðapjónustu við önnur sveitarfélög þar sem byggt er á þessari góðu reynslu. Áhersla hefur einnig verið á að aðstoða lögblinda einstaklinga búsetta á landsbyggðinni við að fá viðunandi ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu þegar þeir eiga þangað erindi.

Félagið á enn í viðræðum við Hafnarfjörð og Mosfellsbæ um

fram tíðarskipan ferðapjónustu þar. En aldrei verður of oft minnt á að til að félagið geti beitt sér verður að vera til staðar þörf á þjónustunni. Viðunandi ferðapjónusta er skylda sveitarfélagsins og réttur einstaklingsins og til að félagið geti beitt sér þarf félagsmaður sem á rétt á ferðapjónustu að hafa látið reyna á þann rétt sinn fyrst. Frekari upplýsingar um ferðapjónustuna er að finna í sérskýrslu um ferðapjónustu Blindrafélagsins.

Leiðsöguhundaverkefnið

Leiðsöguhundaverkefnið er samstarfsverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Á starfsárinu keypti Blindrafélagið þrjá nýja leiðsöguhunda frá Svíþjóð og afhenti Miðstöðinni sem úthlutaði þeim til notenda. Alls hefur þá 13 leiðsöguhundum verið úthlutað frá árinu 2008 þegar þetta samstarfsverkefni hófst. Þar af eru átta þeirra í vinnu núna en hinir hafa lokið

starfsævi sinni. Þrír leiðsöguhundar hafa verið ræktaðir og þjálfaðir hér á landi en annars hafa hundarnir komið hingað til lands frá Noregi og Svíþjóð. Sala á dagatali Blindrafélagsins er helguð þessu verkefni og einnig hefur leiðsöguhundaverkefnið notið góðs af velvilja Blindravinafélagsins, Lionshreyfingarinnar, fyrirtækja og almennings. Leiðsöguhundaverkefninu lýkur í raun aldrei því að stöðugt þarf að huga að endurnýjun hundanna sem eru í vinnu, auk þess sem mun fleiri

hundur ættu að vera í vinnu hér á landi en raunin er í samanburði við nágrannalöndin. Leiðsöguhundaverkefnið hefur borið öll einkenni þess að vera eins konar átaksverkefni sem ráðist er í hverju sinni en nú er unnið að því að komast upp úr því fari og móta áætlun til næstu 10 ára um úthlutun leiðsöguhunda og aukna þátttöku ríkisins við útvegum þeirra. Blindrafélagið hefur í samvinnu við Miðstöðina tekið saman greinargerð um leiðsöguhundaverkefnið ásamt tillögum um framtíðarskipan. Blindrafélagið hefur lagt þessar tillögur fyrir félags- og barnamálaráðherra sem hefur tekið vel í þessar hugmyndir. Verið er að útfæra samstarfssamning við ráðuneytið.

Jafnframt þarf nauðsynlega að rýmka reglur um innflutning á dýrum til að gefa notendum leiðsöguhunda eðlilegt svigrúm til að ferðast með leiðsöguhunda sína til og frá landinu án íþyngjandi regluverks. Stjórnvöld hafa látið vinna áhættumat vegna þessa, en framvindan á því var ákaflega hæg og óhóflegur dráttur á þessari vinnu. Blindrafélagið hefur fylgst náið með því og haldið uppi reglulegum fyrirspurnum til ráðuneytisins. Í byrjun apríl var áhættumatinu loks skilað og við fyrstu skoðun gefa niðurstöður þess fullt tilefni til að breyta reglunum. Hafa verður í huga að leiðsöguhundur er fyrst og fremst hjálpartæki þó að vissulega verði hann einnig í öllum tilfellum sálufélagi og heimilisvinur.

Viðhaldsframkvæmdir á Hamrahlíð 17

Á haustmánuðum 2017 lét stjórn Blindrafélagsins gera ástandsmat á ytra byrði Hamrahlíðar 17 sem leiddi í ljós að veruleg viðhaldsþörf var komin á húsið. Í framhaldinu var ákveðið að skipta verkinu upp í áfanga og forgangsraða

þeim út frá ástandi viðkomandi byggingahluta. Að undangengnu útboði á fyrsta áfanganum í upphafi árs 2018 var samið við Verkfar ehf. sem átti lágsta tilboðið í verkið. Framkvæmdirnar gengu ágætlega og lauk þessum

áfanga haustið 2018. Ákveðið hefur verið að halda áfram með verkið og ljúka því í einum áfanga. Á grundvelli einingaverðs úr útboði fyrsta áfanga og kostnaðaráætlunar VBS verkfræðistofu var samið við Múrstein ehf., Fagmálun ehf. og Smíðalist ehf. um að taka verkið að sér. Framkvæmdir eru hafnar og er áætlað að þeim ljúki í sumar. Jafnframt hefur almennt rými innanhúss, þ.e. fundarsalur, mötuneyti og

stigagangur, verið málað. Nánari upplýsingar er í kaflanum um rekstur fasteigna. Í upphafi framkvæmdanna voru væntingar til að klára þessar framkvæmdir fyrir 80 ára afmælisdag félagsins þann 19. ágúst næstkomandi. Það stefnir allt í að það gangi eftir og að fjöregginu, Hamrahlíð 17, verði þannig skilað í góðu ástandi til komandi kynslóða í Blindrafélaginu.

Alþjóðlegi sjónverndardagurinn og dagur Hvíta stafsins

Alþjóðlegi sjónverndardagurinn er haldinn annan fimmtudag í október ár hvert og dagur Hvíta stafsins er 15. október. Þessir dagar falla því jafnan nálægt hvor öðrum, en þó að tilgangur þeirra beggja sé að vekja athygli á málefnum sem tengjast blindum og sjónskertum eru áherslurnar eðli máls samkvæmt ekki þær sömu. Á alþjóðlega sjónverndardaginn 11. október efndi Blindrafélagið og Lions-hreyfingin á Íslandi til kaffisamsætis í Hamrahlíð 17. Ávörp fluttu Sigþór Unnsteinn Hallfredsson, formaður Blindrafélagsins, og Björg Bára

Halldórsdóttir, fjölumdæmisstjóri Lions. Tómas Þorbjörnsson, formaður Lionsklúbbsins Fjörgyn, afhenti styrk til vefvarps Blindrafélagsins og í framhaldi af því var vefvarpið kynnt. Friðbert Jónasson augnlæknir flutti síðan fyrirlestur um aldurstengda hrörnun í augnbotnum (AMD) og svaraði að því loknu spurningum áheyrenda. Mjög góð mæting var á samsætið sem tókst vel í hvívetna. Á degi Hvíta stafsins 15. október mættu síðan Eyþór Kamban Prastarson og Dagbjört Andrésdóttir í viðtal í

síðdegisúttvarp Rásar 2 hjá RÚV og ræddu um hvíta stafinn, notkun hans og gagnsemi.

Afmælisárið

Þann 19. ágúst nk. verða liðin 80 ár frá stofnun Blindrafélagsins. Félagið hefur allt frá stofnun verið öflugur málsvari mannréttinda og umbóta í samfélaginu. En þrátt fyrir að ótal margt hafi breyst til hins betra í málefnum blindra og sjónskertra á þessum 80 árum er enn verk að vinna og Blindrafélagið á ekki síður brýnt erindi við samtíð sína núna en þá. Afmælisins verður minnst með hátíðardagskrá og kaffisamsæti

mánudaginn 19. ágúst á Nordica Hótel. Í tilefni af 80 ára afmælinu verður Blindrafélagið heiðursgestur Reykjavíkurborgar á Menningarnótt í Reykjavík laugardaginn 24. ágúst. Blindrafélagið mun standa fyrir veglegri dagskrá í Tjarnarsal Ráðhússins þar sem listamenn innan félagsins fá að njóta sín. Jafnframt hafa félagsmenn verið hvattir til að láta að sér kveða í Reykjavíkurmaraþoninu, sama dag, hver á sínum forsendum.

Varðveisla menningararfs Blindrafélagsins

Í vetur hefur verið unnið að því að ná saman og tryggja varðveislu á ýmiss konar efni sem flokkast getur sem menningararfur Blindrafélagsins. Meðal annars var auglýst á miðlum félagsins eftir hljóð- og myndbandsupptökum í eigu félagsmanna frá viðburðum tengdum Blindrafélaginu sem þeir myndu vilja leyfa félaginu að eiga afrit af til varðveislu og

eftir atvikum til að hagnýta efnið. Félagið tekur að sér að færa slíkt efni yfir á stafrænt form. Settur hefur verið upp sérstakur netþjónn, „Sarpur“, sem ætlaður er til að varðveita þetta efni á einum stað og tryggja aðgengi að því og öryggisafritun. Flestallir árgangar af *Völdum greinum* eru til á stafrænu formi, sama gildir um

Blindrasýn og einnig eru til fjölmargar hljóðupptökur af aðal- og félagsfundum sem verða vistaðar þar ásamt ljósmyndasafni félagsins sem

búið var að skanna á stafrænt form. Næstu skref í þessu verkefni verður að skipuleggja og koma á viðeigandi flokkun og skráningu á þessu efni.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Alþingi samþykkti í september 2016 þingsályktunartillögu um fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) en samninginn, sem er mannréttindasamningur, höfðu íslensk stjórnvöld undirritað árið 2007. Markmiðið með honum er að efla, verja og tryggja full mannréttindi fyrir allt fatlað fólk. Jafnframt því að efla og vinna að virðingu fyrir eðlislægri mannlegri reisn þess. Samningurinn á án efa eftir að verða okkur gott verkfæri í réttindabaráttunni um ókomin ár en til að það verði að veruleika þarf Alþingi að reka af sér slyðruorðið og lögfesta gildi samningsins. Það hefur þingið hins vegar ekki gert ennþá 12 árum eftir að samningurinn var undirritaður og stjórnvöld láta mannréttindi

fatlaðra reka á reiðanum eins og löngum fyrr. Á meðan svona er í pottinn búið er það eitt af mikilvægustu verkefnum Blindrafélagsins að þrýsta á stjórnvöld með öðrum samtökum fatlaðra. Sama staðan er reyndar einnig uppi með Marrakesh-sáttmála Sameinuðu þjóðanna um aðgengi blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra að höfundarréttarvörðu efni. Sáttmálinn setur skýrar reglur um meðferð höfundarréttarmála og gerir kleift að skiptast á efni milli landa. Hann er því afar mikilvægur til að bæta aðgengi blindra, sjónskerta og annarra prentleturshamlaðra að les- og prentefni. Um 75 þjóðir hafa fullgilt Marrakesh-sáttmálann, þar á meðal öll Evrópusambandslöndin.

Aðgengismál

Aðgengismál hafa alla tíð verið meginþráðurinn í réttinda-
baráttu Blindrafélagsins, hvort
heldur sem horft er til raun-
heima eða hinnar stafrænu
veraldar á upplýsingaöld.
Aðgengilegt umhverfi og
upplýsingar á reiðum höndum
er lykillinn að samfélagi
nútímans. Í janúar var ákveðið
að efla enn frekar aðgengis-
teymi Blindrafélagsins með
ráðningu starfsmanns í nýja
stöðu aðgengisfulltrúa. Honum
er ætlað að annast samskipti og
samstarf við umferlisteymi
Miðstöðvarinnar, hönnuði,
framkvæmdaraðila, stjórnvöld
og fjölmiðla, í þeim tilgangi að
vekja athygli á ákvæðum laga,
reglna, staðla og góðra venja
þegar kemur að
aðgengislausnum í almennu og
opinberu rými og þrýsta á um
úrbætur þar sem þeirra er þörf.
Jafnframt að kynna aðgengis-
lausnir sem Blindrafélagið
hefur tekið að sér umboð fyrir.
Aðgengisteymi félagsins sinnir
margvíslegum verkefnum er
lúta að stafrænu aðgengi sem
sífelld verður mikilvægari
þáttur í nútímasamfélagi.
Margvísleg þjónusta og
upplýsingagjöf hins opinbera

sem og einkaaðila er að færast
yfir á stafrænt form og þarf
ekki að fjölyrða um hversu
mikilvægt er að aðgengi blindra
og sjónskertra að stafræna
heiminum sé óhindrað.
Á vettvangi evrópsku
blindrasamtakanna (EBU)
hefur mikið starf verið í gangi
varðandi stafrænt aðgengi sem
Birkir R. Gunnarsson hefur
tekið þátt í. Evrópusambandið
samþykkti árið 2016 tilskipun
um aðgengi að opinberum
vefsvæðum (EU disability act
2016/2012) sem felur í sér
skyldu þeirra sem halda úti
opinberum vef eða smáforritum
að tryggja gott aðgengi að þeim.
Fyrir en seinna munu þessar
skyldur einnig ná til einkaaðila.
Þó að tilskipunin sé komin til
umræðu hjá stjórnvöldum
virðist málið samt sem áður
vera aftarlega í forgangsröðinni
og því þarf að breyta.
Blindrafélagið hefur ásamt
Öryrkjabandalaginu verið að
þrýsta á stjórnvöld um að
staðfesta þessa tilskipun.
Blindrafélagið hefur allt frá
upphafi tekið virkan þátt í
starfi sjálfseignarstofnunar-
innar Almennaróms og átt þar
fulltrúa í stjórn. Mennta- og

menningarmálaráðherra hefur falið Almennarómi að reka miðstöð máltækniáætlunar í íslensku 2018–2022. Markmið áætlunarinnar er að tryggja að hvers kyns tæki og tól tali og skilji íslensku og að tungumálinu verði þar með forðað frá stafrænum dauða. Almennarómur er nú að hefja útboðsferli fyrir smíði fjögurra kjarnalausna í íslenskri máltækni en

það felur í sér talgreiningu, talgervingu, vélþýðingu, stafsetningu og málfarsleiðréttingu auk málfanga og stuðningsverkfæra sem nauðsynleg eru til að smíða þessar kjarnalausnir. Þetta verkefni er afar mikilvægt og mun Blindrafélagið styðja við það áfram af öllum mætti.

Punktaletur

Á umliðnum árum hefur verið í gangi verkefni um punktaletur á vegum evrópsku blindrasamtakanna (EBU) sem Blindrafélagið hefur tekið þátt í. Niðurstöðum þessa verkefnis hefur verið skilað til vinnuhóps sem ætlað er að vinna úr þeim tillögur til stjórnar EBU. Í tengslum við þetta verkefni hefur verið horft til stöðunnar hér heima og í framhaldi af því var m.a. Punktaletursnefnd endurvakin og Blindrafélagið stóð fyrir málstofu um punktaletur fimmtudaginn 17. janúar í salnum í Hamrahlíðinni. Málstofan var afar vel heppnuð, góð mæting var og áhugaverð framsöguerindi flutt. Arnþór Helgason fór yfir sögu punktaleturs með áherslu á

Ísland, Eyþór Kamban Þrastarson fór yfir tækni og rannsóknir á punktalettri, Rannveig Traustadóttir sagði frá hvernig farið væri að við að kenna börnum punktaletur og að lokum sagði Hjalti Sigurðsson frá sinni persónulegu upplifun af því að læra og nota punktaletur. Umræðustjóri var Sigþór Unnsteinn Hallfredsson. Eftir formlega dagskrá var ýmislegt sem tengist punktalettrinu til sýnis og kynningar, eins og til dæmis gömul og ný tæki og tól sem tengjast punktalettri. Í desember 2018 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar að gera 4. janúar, fæðingardag Louise Braille, að Alþjóðadegi punktaleturs. Það gefur enn betra tækifæri og setur okkur

ríkari skyldu til að nýta þann dag til að vekja athygli á öllu því sem tengist punktalettrinu.

Málstofur

Margvíslegt fræðslu- og kynningarstarf hefur löngum verið stór hluti af verkefnum félagsins sem þannig hefur stuðlað að fræðslu og umræðu um málefni blindra og sjónskertra. Í framhaldi af málstofu um punktaletur hefur verið ákveðið að setja af stað röð málstofa um ýmis málefni sem varða félagsmenn og teygist sú dagskrá fram á næsta vetur. Eftirfarandi málefni verða á dagskrá:

- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkun félagasamtaka.
- Algild hönnun utan dyra – aðgengi.
- Ný tækni og snjallvæðing.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, námsefni frá EBU.
- Heilatengd sjónskerðing.

Hádegisspjall

Hádegisspjallið er vettvangur til gagnkvæmra samskipta innan Blindrafélagsins sem komin er góð reynsla á. Tilgangurinn er að skapa grasrótarvettvang til að ræða hin ýmsu mál sem varða félagið eða félagsmenn. Þetta eru óformlegir fundir þar sem áherslan er á að allir sem mæta hafi tækifæri til að taka þátt og tjá sig. Allir þessi viðburðir hafa verið hljóðritaðir og þeim gerð góð skil á *Völdum greinum*, hljóðtímariti Blindrafélagsins.

Hádegisspjallið hefur mælst mjög vel fyrir og verður haldið áfram að þróa þennan vettvang innan félagsins. Í vetur hefur verið spjallað um eftirfarandi málefni:

- September. Punktaletursnótur.
- Desember. Persónuleg snyrtimennska – góðar aðferðir fyrir blinda og sjónskerta.
- Janúar. Fyrirhugaðar breytingar á

almannatryggingakerfinu og hugmyndir um starfsgetumat.

- Febrúar. Blindrafélagið – í sögulegu samhengi og staðan í dag.
- Apríl. Hvað er sjálfstæði og stuðningur af því?

Viðhorfsmælingar Blindrafélagsins

Síðasta áratuginn hefur Blindrafélagið látið mæla reglulega viðhorf félagsmanna og almennings til ýmissa þátta sem varða þjónustu og starfsemi félagsins.

Niðurstöðurnar hafa gefið mikilvægar upplýsingar til að skipuleggja starfsemi og áherslur félagsins. Það er betra að vita staðreyndirnar en að halda eitthvað. Fyrri viðhorfsmælingar sýna að félagið er á réttri leið, það nýtur velvilja almennings og félagsmenn eru almennt mjög sáttir við störf þess og stefnu. Það mælist varla neikvæðni meðal almennings út í félagið eða aðeins 0,8%. Á meðal félagsmanna eru yfir 90% ánægð með þjónustu félagsins og þeim finnst félagið sinna réttindamálum blindra og sjónskertra vel, um og innan við 6% eru hvorki ánægð né neikvæð en 3,5% eru óánægð.

Á þessu starfsári var gerð könnun á húsnæðisstöðu

félagsmanna, lífshamingju og velferð og á tíðni neikvæðra atburða, áreitni og kynbundins ofbeldis. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

Húsnæðisstaða félagsmanna.

- Ríflega 70% félagsmanna búa í eigin húsnæði, 20% búa í leiguhúsnæði og 10% í foreldrahúsum eða annars staðar. Það er svipað hlutfall og gerist hjá þjóðinni almennt.
- Nær helmingur félagsmanna 34 ára og yngri býr í foreldrahúsum sem er hærra hlutfall en almennt gerist. Því til samanburðar búa um 42% 20–29 ára í foreldrahúsum almennt.
- Af þeim sem búa í leiguhúsnæði eru 76% í húsnæði á vegum sveitarfélags/félagasamtaka en 12% leigja á almennum markaði. Á meðal almennings skiptist þetta jafnt.

- Fáir félagsmenn eru á biðlista eftir leiguhúsnæði, en þó helst þeir sem búa í foreldrahúsum.
- Húsnæðisöryggi þeirra sem búa í leiguhúsnæði er almennt gott og um 85% telja sig búa við húsnæðisöryggi. Það er svipað og á meðal almennings.
- Þá hafa nær allir félagsmenn staðið í skilum með afborganir af húsnæðislánum síðustu tvö ár. Til samanburðar eru vanskil húsnæðislána eða leigu um 7% á síðustu 12 mánuðum skv. tölum Hagstofu.
- Af þeim sem búa í eigin húsnæði er ríflega helmingur sem á 75–100% í húsnæðinu. Meðaleignarhlutur er um 70% sem er áþekkt því sem gerist hjá þjóðinni. Eignarhlutur í húsnæði er mjög aldursbundinn og vex með hækkandi aldri.

Lífshamingja og velferð

- Nærri 80% félagsmanna segjast ánægðir með lífið, en nærri 10% eru óánægð með lífið samanborið við 6% meðal almennings. Ánægja með lífið er mest meðal þeirra sem búa í foreldrahúsum og meðal 65 ára og eldri sem ekki búa einir. Minnst er ánægjan með lífið meðal foreldra á aldrinum 18–64 ára.
- Nærri fjórðungur hefur oft eða alltaf verið einmana á síðustu þremur mánuðum en ríflega þriðjungur hefur ekki verið einmana. Einmanaleiki er mest áberandi meðal þeirra sem búa einir á aldrinum 18–64 ára. Þeir eru til dæmis mun oftast einmana en þeir sem búa einir á aldrinum 65 ára og eldri.
- Um 72% félagsmanna Blindrafélagsins hafa litlar eða engar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni. Matið er þó mjög aldursbundið og nær allir í elsta hópnum (75 ára og eldri) hafa litlar/engar áhyggjur af fjárhagsstöðu samanborið við tæplega helming svarenda meðal 34 ára og yngri. Þá hefur meira en helmingur

foreldra miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinn.

Neikvæðir atburðir, áreitni og kynbundið ofbeldi

Um 73% af heildarhópi svarenda kusu að svara spurningum um „reynslu af ýmiss konar neikvæðum atburðum, kynferðislegu ofbeldi og áreitni“. Fleiri karlar en konur svöruðu spurningunum. Rannsóknir sýna almennt að líkur á áreitni og ofbeldi eru meiri meðal fatlaðra og þeirra sem búa við einhvers konar hamlanir en meðal almennings sem aftur hefur neikvæð áhrif á líðan og lífsgæði fólks. Til samanburðar eru fyrirbyggjandi niðurstöður úr könnunum á meðal almennings.

- Um 7% félagsmanna höfðu orðið fyrir ógnandi hegðun, hótunum eða ofbeldi á síðustu 12 mánuðum samanborið við 5% almennings.
- Um 4% höfðu fengið kynferðislegar athugasemdir eða spurningar á síðustu 12

mánuðum, en 3% í viðmiðunarhópnum.

- Um 3% höfðu fengið óumbeðið kynferðislegt efni sent, en 1% í viðmiðunarhópnum. Sama hlutfall hafði verið snert óumbeðið á kynferðislegan hátt.
- Tíðni neikvæðra atburða er meiri meðal kvenna en karla og lækkar með hækkandi aldri. Þetta er sama mynstur og má sjá í samanburðargögnum.
- Helmingur svarenda taldi líklegt að hann myndi hafa samband við fagráðið ef hann yrði fyrir kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi á vettvangi Blindrafélagsins. Einnig kom fram að vekja þarf athygli á og viðhalda vitneskju félagsmanna um tilvist þess en einungis þriðjungur svarenda vissi af fagráðinu.

Samstarfssamningur við Íþróttasamband fatlaðra

Blindrafélagið og
Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)

gerðu með sér
tímamótasamstarfssamning

árið 2018 vegna undirbúnings Patreks A. Axelssonar og Más Gunnarssonar fyrir Ólympíumót fatlaðra í Tokyo 2020. Blindrafélagið ásamt fleiri aðilum styrkja ÍF á tímabilinu 2018–2020 vegna hinna ýmsu verkefna sem Patrekur og Már taka þátt í vegna undirbúnings og þátttöku Íslands í Paralympics í Tokyo 2020. Markmið ÍF er að skapa fötluðum afreksíþróttamönnum sömu aðstæður og ófötluðu afreksfólki, aðstæður sem taldar eru nauðsynlegar til að

afreksíþróttamenn hafi möguleika á að ná árangri í alþjóðlegri keppni. Már og Patrekur eru báðir félagar í Blindrafélaginu, Már keppir í sundi og Patrekur í spretthlaupum. Að mati forystumanna Íþróttasambands fatlaðra eiga þeir báðir góða möguleika á að vinna sér inn keppnisrétt á Ólympíumóti fatlaðra í Tokyo 2020, að því gefnu að þeim séu skapaðar góðar aðstæður til að æfa og keppa og að þeir leggi hart að sér.

Bakhjarlar

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú yfir 6.000 manns. Aðild þeirra að Blindrafélaginu er mismunandi eftir því hvaða þrep hver og einn velur sér í bakhjarlakerfinu sem er þrepaskipt. Eins og aðrir félagsmenn greiða allir bakhjarlar félagsgjald og njóta ýmissa hlunninda í samræmi við þrepaskiptinguna. Bakhjarlarnir hafa reynst Blindrafélaginu ákaflega mikilvægir stuðningsaðilar en ekki síður sem málsvarar

félagsins og tengiliðir við samfélagið. Aðild að Blindrafélaginu, sem bakhjarl, er einnig góð leið fyrir sjónskerta einstaklinga sem hafa betri sjón en skilgreindu mörkin eru fyrir fullri félagsaðild. Bakhjarlar geta tekið fullan þátt í starfi félagsins og gegnt öllum trúnaðarstörfum fyrir utan formennsku. Verið er að undirbúa átak í að laða fleiri bakhjarla að félaginu sem verður í gangi í sumar.

Jafningjastuðningur, trúnaðarmenn og stuðningsnetið

Allt félagslíf innan Blindrafélagsins er öðrum þræði jafningjastuðningur í verki en einnig hefur félagið um árabil haldið úti markvissu og öfluggu trúnaðarmannakerfi. Nú starfa þrír trúnaðarmenn hjá félaginu. Markmið þeirra er að hafa reglulegt samband við félagsmenn að fyrra bragði, rjúfa einangrun og veita jafningjastuðning, gefa upplýsingar og aðstoða eftir föngum.

Til viðbótar þessu hefur Blindrafélagið gerst formlegur aðili að Stuðningsnetinu sem komið var á fót á vegum landlæknisembættisins og nokkurra sjúklingasamtaka í vetur. Stuðningsnetinu er ætlað að vera viðbót við heilbrigðiskerfið og bjóða upp á jafningjastuðning fyrir fólk sem greinst hefur með og glímur við erfiða sjúkdóma eða aðstæður eftir slys og aðstandendur þeirra. Markmiðið er að styðja við fólk með hlustun og skilningi sem einungis getur

komið frá þeim sem staðið hefur í sömu sporum.

Stuðningsnetið er sjálfbodaliðastarf og hefur eins og trúnaðarmannakerfið það hlutverk að styðja og veita upplýsingar og tilfinningalegan stuðning í gegnum virka hlustun, upplýsingaveitu, hluttekningu og nærveru, hvort sem er í gegnum síma, tölvu eða augliti til auglitis.

Markmið Blindrafélagsins með samstarfi við Stuðningsnetið er að koma upp teymi stuðningsfulltrúa sem verða viðbót og útvíkkun á trúnaðarmannakerfi félagsins, ekki ólíkt því sem félagslegir trúnaðarmenn voru á árum áður, ekki síst til að verða eins konar áfallateymi sem vísa má fólki á sem skyndilega verður blint vegna veikinda eða slysa eða er nýgreint með alvarlegan augnsjúkdóm, fólki sem ekki er orðið félagsmenn í Blindrafélaginu og þar með ekki komið með trúnaðarman

Samstarfsaðilar

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Almennarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Hljóðbókasafn Íslands,
- Margrétarsjóður,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður

- Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
 - Tölvumiðstöð fatlaðra,
 - Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu
 - Öryrkjabandalag Íslands.

Útgáfumál og upplýsingaflæði

Frá árinu 2017 hafa félags- og aðalfundir verið aðgengilegir í beinni útsendingu í vefvarpi Blindrafélagsins. Þar með gefst félagsmönnum á landsbyggðinni og öðrum sem ekki eiga heimangengt tækifæri til að fylgjast enn betur með því sem er um að vera innan Blindrafélagsins. Það að auki eru allir meginviðburðir á vegum félagsins hljóðritaðir og félagsmönnum aðgengilegir í gegnum miðla félagsins. Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, er gefið út tvisvar á ári og er dreift til 12.000 lesenda. Auk þess að vera mikilvæg

upplýsingaveita til almennings hefur útgáfa Víðsjár reynst góð stoð í fjáröflunum félagsins. Að vanda hefur Blindrafélagið staðið mjög myndarlega að upplýsingagjöf og útgáfumálum. Hljóðtímarit Blindrafélagsins, Valdar greinar, er að jafnaði gefið út á tveggja vikna fresti til félagsmanna. Efnistöð Valinna greina eru fjölbreytt og hafa þar m.a. verið birt viðtöl og frásagnir og ýmiss konar annar fróðleikur um hin fjölbreyttustu efni, auk þess sem viðburðum á vegum félagsins hafa verið gerð góð skil. Valdar greinar eru birtar í vefvarpi Blindrafélagsins, á

heimasíðunni www.blind.is og sendar á geisladiski til þeirra notenda sem þess óska. Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum og er fyrst og fremst ætlað að koma á framfæri við félagsmenn upplýsingum um það sem er um að vera á vettvangi félagsins næstu dagana á eftir. Fréttabréfið er eingöngu gefið út rafrænt og sent til áskrifenda með tölvupósti, auk þess sem það birtist í vefvarpi Blindrafélagsins og á heimasíðu þess, www.blind.is.

Heimasíða félagsins er mikilvægur vettvangur til að koma upplýsingum á framfæri við bæði félagsmenn og almenning, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins. Félagið hefur einnig í auknum mæli nýtt sér fésbókarsíðu sína til að koma efni á framfæri við almenning. Vefvarp Blindrafélagsins er einnig mjög mikilvægt verkfæri til að koma á framfæri upplýsingum til félagsmanna.

Tölvu- og tækniþekking

Í samfélagi nútímans er færni í notkun tölvu og snjalltækja að verða sífellt mikilvægari og í raun aðgöngumiðinn að margvíslegri þjónustu og afþreyingu. Eins og almennt gengur er misjafnt hvaða leiðir henta hverjum og einum til að tileinka sér þessa nýju tækni og það veltur ekki síst á áhuga hvers og eins. Það er fyrst og fremst persónulegt val hvaða snjalltæki eða hjálparbúnaður hentar hverjum og einum. Vefvarp Blindrafélagsins er mikilvægur og góður kostur fyrir þá sem eru minna

tölvuvanir og vilja einfaldan og skilvirkan aðgang að stafrænum upplýsingum en líka alla hina. Snjallsímar og önnur slík tæki eru misaðgengileg, þannig höfum við íslenskan talgervil fyrir Android-stýrikerfið en Apple útilokar íslensku frá sínum tækjum. Mörgum gengur ágætlega að tileinka sér vinsælustu snjalltækin en öðrum henta betur aðrar lausnir. Á vettvangi félagsins hefur verið unnið að því að finna snjallsíma og farsíma sem henta vel blindum og sjónskertum notendum.

Niðurstaðan var kynnt á kynningar- og tæknidegi 26. febrúar og var um að ræða bæði farsíma með góðu sjónrænu aðgengi og snjallsíma sem lofar mjög góðu og er verið að kanna möguleikann á að þýða stýrikerfi hans á íslensku. Kynningar- og fræðsludagurinn var, eins og tæknivöld jafnréttisnefndar, einnig vel nýttur í jafningjafræðslu og stuðning þar sem fólki gafst

kostur á að mæta með sín eigin smátæki og leita til annarra félagsmanna og sérfræðinga um aðstoð við hvaðeina sem þeim viðkemur.

Félagsmönnum stendur til boða kennsla á sérhæfð hjálparforrit við tölvuvinnu og snjalltæki hjá Miðstöðinni en jafnframt er á vettvangi félagsins verið að kanna hvaða möguleikar eru í stöðunni til að geta boðið upp á frekari tölvukennslu.

Réttindagæsla

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið boðið félagsmönnum sínum upp á aðstoð við að gæta eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum hefur lögmaður

félagsins komið fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmen

Lokaorð

Reglubundinn rekstur félagsins gekk mjög vel á starfsárinu og heildarniðurstaða ársreikninganna var einkar hagfelld. Rekstur Blindravinnustofunnar hefur einnig gengið vel líkt og á

síðasta ári og er það mjög ánægjulegt. Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins færi ég starfsfólki félagsins kærar þakkir fyrir vel unnin störf og trúmennsku í garð félagsins og

félagsmanna. Velunnurum félagsins eru jafnframt færðar innilegar þakkir fyrir dýrmætan stuðning. Sömuleiðis færi ég stjórnarmönnum mínar bestu þakkir fyrir samstarfið á árinu sem hefur allt í senn verið heiðarlegt, opinskátt og árangursríkt. Öllum þeim fjölmörgu félagsmönnum, sem hafa lagt sitt af mörkum við að gera starfsemi Blindrafélagsins jafn blómlega og raun ber vitni færi ég kærar þakkir fyrir sitt verðmæta framlag. Það liggur umtalsverð vinna í að skipuleggja og hrinda í framkvæmd starfsemi deilda, nefnda og klúbba á vegum

félagsins og fyrir það ber að þakka sem og öllum þeim sem hafa tekið þátt í félagsstarfinu. Hinn gagnkvæmi jafningjastuðningur sem fæst með góðri og viðtækri þátttöku félagsmanna er ómetanlegur og gefandi. Jafnrétti, sjálfstæði, umburðarlyndi og virðing eru þau gildi sem Blindrafélagið hefur valið sér að leiðarljósi. Þau er gott að hafa í huga í dagsins önn og jafnframt einkunnarorð og megintilgang félagsins sem er stuðningur til sjálfstæðis. F.h. stjórnar Blindrafélagsins, Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson, formaður

Starfsemi skrifstofu

Heildarvelta félagsins 2018 nam 235,1 m.kr. sem er 3,4% aukning frá 2017. Hagnaður ársins að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum nam 13,3 m.kr. samanborið við 9,4 m.kr. tap á árinu 2017. Alls störfuðu 20 einstaklingar hjá félaginu á árinu sem voru að meðaltali í 14,2 stöðugildum. Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi skrifstofu Blindrafélagsins á árinu.

Starfsmenn félagsins á árinu voru, taldir í stafrófsröð:
Arnheiður Björnsdóttir, ráðgjafi.
Baldur Snær Sigurðsson, tækni- og tölvuráðgjafi.
Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður.
Friðrik Steinn Friðriksson, fjáröflunarfulltrúi og hönnuður.
Guðvarður B. Birgisson, húsvörður.
Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla.
Helga Friðriksdóttir, trúnaðarmaður.
Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustunnar.

Hjalti Sigurðsson, umsjónarmaður Opins húss og félagsmálafulltrúi.
Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi.
Jón Helgi Gíslason, trúnaðarmaður.
Katrín Gunnarsdóttir, ræstingar.
Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri.
Kristín Waage, bókari.
Lára Kristín Lárusdóttir, afgreiðsla og sala hjálpartækja.
Margrét Pálsdóttir, fjáröflunarfulltrúi.
Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og deildafulltrúi.
Rósa María Hjörvar, ritstjóri Víðsjár.
Sigbór Unnsteinn Hallfreðsson, formaður.
Þórkatla Norðquist, matartæknir í eldhúsi.

Heildarkostnaður vegna launa og launatengdra gjalda á árinu nam 87,9 m.kr.

Undir lok ársins auglýsti félagið eftir starfsmanni til að taka að sér starf aðgengisfulltrúa. Alls bárust 17 umsóknir, var Rósa María Hjörvar metin hæfust og

var ráðin. Hún hóf störf í byrjun janúar.

Það hefur verið stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Það er því sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 20 starfsmönnum sem taldir eru upp hér fyrir ofan eru 12 blindir eða sjónskertir. Líklega hafa aldrei jafn margir blindir og sjónskertir einstaklingar starfað hjá félaginu.


Samkvæmt mælingum fær skrifstofa félagsins að jafnaði um 6700 símtöl yfir árið, um 650 símtöl berast á mánuði yfir vetrartímamann sem gerir um 30 símtöl á dag að jafnaði en yfir hásumartímamann eru innhringingar um 13 símtöl á dag að jafnaði.

Fyrirtækjakönnun VR er könnun sem gerð er meðal starfsfólks og mælir fjölmarga þætti sem snúa að stjórnun og starfsaðstæðum á vinnustöðum. Í könnun VR fyrir árið 2018 meðal starfsfólks Blindrafélagsins var

niðurstaðan nánast sú sama og 2017. Þátttaka í könnuninni 2018 var hins vegar nokkru minni en árið á undan þar sem svarhlutfall var 78%. Þeir þættir sem voru mældir meðal starfsfólks voru stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnutíma, sjálfstæði í starfi, ímynd fyrirtækis, ánægja og stolt og jafnrétti. Blindrafélagið mældist með hærri einkunn en áður og fékk heildareinkunnina 4,3 af 5 mögulegum.

Heildareinkunn allra fyrirtækja var 4,2. Skipt niður á þætti var mælingin eins og taflan sýnir. Plús- eða mínustölur sem eru innan sviga sýna mun á meðaltali Blindrafélagsins og meðaltali fyrirtækja í sama stærðarflokki.

Stjórnun: 4,41 (+0,04) –
Starfsandi: 4,31 (-0,18) –
Launakjör: 3,43 (-0,26) –
Vinnuskilyrði: 4,00 (-0,31) –
Sveigjanleiki í vinnu – 4,68 (+0,13) –
Sjálfstæði í starfi: 4,64 (+0,17) –
Ímynd fyrirtækis: 4,60 (+0,11) –
Ánægja og stolt: 4,46 (+0,01) –
Jafnrétti: 4,23 (-0,02) –
Heildareinkunn: 4,30 (-0,04).



Ferðapjónusta Blindrafélagsins

Í lok ársins 2018 voru 618 einstaklingar með ferðapjónustusamninga. Þar af eru 95 sem eru utan sveitarfélaga með samning um þjónustuna, þ.e. fá 20% afslátt af ferðunum auk umsýslugjalds sem er 115 kr. á ferð.

Tekjur Blindrafélagsins af umsjón og umsýslu ferðapjónustunnar er um 5,3 m.kr. á árinu. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um skiptingu ferða milli sveitarfélaga sem Blindrafélagið er í samstarfi við með ferðapjónustu.

Sveitarfélag	Heildarhlutdeild	Fjöldi ferða	Meðaltal pr. ferð
Akureyrarbær	901.904	642	1.404
Akureyrarbær, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	9.373	3	3.123
Bláskógabyggð	21.678	10	2.167
Garðabær	2.698.794	750	3.598
Hafnarfjörður	1.419.217	530	2.678

Ísafjarðabær, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	7.860	2	3.930
Kaldrananeshreppur, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	190.408	144	1.322
Kópavogsbær	5.407.732	2.893	1.869
Kópavogsbær, A-kort	937.508	464	2.020
Reykjavíkurborg	82.457.325	37.539	2.196
Seltjarnanesbær	1.884.132	790	2.385
Seltjarnanesbær, A-kort	1.020.694	485	2.104
Stykkishólmsbær, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	19.649	11	1.786
Sveitarfélagið Árborg, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	12.356	7	1.765
Vestmannaeyjar, ferðir á höfuðborgarsvæðinu	49.155	26	1.891
Samtals	97.037.785	44.296	2.191
Notendur með 20% afslátt	2.096.917	857	2.446

Ferðapjónustusamningur Blindrafélagsins og Reykjavíkurborgar rann út 31. mars 2019. Viðræður standa yfir um endurnýjun samningsins og er ekki annars að vænta en að þær muni skila samsvarandi samningi og verið hefur í gildi.

Þann 11. mars 2019 var ferðapjónustusamningur Blindrafélagsins og Kópavogsbæjar endurnýjaður til þriggja ára. Samningurinn felur í sér að Blindrafélagið taki að sér að

reka ferðapjónustu fyrir íbúa Kópavogsbæjar sem eru greindir af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar sinnar. Um er að ræða sams konar þjónustusamning og Blindrafélagið er með við Reykjavík. Samningurinn gerir ráð fyrir að Kópavogsbær geti látið eldri borgara nýta sér ferðapjónustuna.

Hagtölur ferðapjónustu Blindrafélagsins fyrir 2018

Heildarfjöldi ferða með leigubílastöðinni Hreyfli, sem er með 98,5% ferða, á árinu 2018 er

43.858 ferðir og skiptast þær niður á kostnaðarþrep með eftirfarandi hætti:

1. þrep: kostnaður notanda	470 kr.	97,5%
2. þrep: kostnaður notanda	940 kr.	2,5%
3. þrep: kostnaður notanda	1.410 kr.	0%
<hr/>		
Vegalengd alls: 254.945 km Notendur: 418	Ferðatími	alls: 561.492 mín.
<hr/>		
Vegalengd meðaltal: 5,76 km Ferðir alls: 43.858	Ferðatími	meðaltal: 13 mín.
<hr/>		
Vegalengd miðtala: 4,89 km	Ferðatími miðtala: 11 mín.	
<hr/>		

Samanburður á kostnaði

Á árinu 2018 var meðalkostnaður Reykjavíkurborgar (85% allra ferða) 2.196 kr. á ferð í ferðaþjónustu Blindrafélagsins. Samkvæmt fréttum var kostnaður Reykjavíkur á hverja ferð í ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu hins vegar 3.500 kr. Munurinn er 38%. Þrátt fyrir þennan mikla

mun í kostnaði er mun hærra þjónustustig í ferðaþjónustu Blindrafélagsins, auk þess sem þjónustan er tiltæk alla daga ársins þó að hún sé ekki niðurgreidd allra daga allan sólahringinn. Kostnaðarþátttaka notenda er meiri í ferðaþjónustu Blindrafélagsins.

Verðmæt þjónusta

Í skoðanakönnun sem Gallup hefur gert undanfarin ár meðal félagsmanna Blindrafélagsins hafa allt að 78% félagsmanna

nefnt ferðaþjónustu Blindrafélagsins sem mikilvægsta þjónustuúrræðið sem þeim stendur til boða.

Vörusala

Tekjur af vörusölu og tækjaleigu á árinu voru 17,4 m.kr. Blindrafélagið selur ýmiss konar vörur sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskerta í huga. Jafnframt selur félagið Þríkrossinn, vörur frá Blindravinnustofunni og leigir út hjálpartæki, svo sem eins og vefvarpið og lestæki. Í vefverslun félagsins eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru

seldir. Álagning á þessum smávörum er mjög lítil og fá félagsmenn Blindrafélagsins þar að auki 25% afslátt. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn fremur en að hagnast á sjálfri sölu. Þríkrossinn er einnig hluti af þessari sölu, en söluandvirði hans var 8 m.kr. á árinu á móti um 6 m.kr. árið á undan.

Handi-friendly

Um mitt ár 2018 tók Blindrafélagið við umboði fyrir aðgengisvörur frá tékkneska fyrirtækinu Handi-friendly sem sérhæfir sig í upphleyptum merkingum á gólf og stéttir,

hvort sem er innanhúss eða utanhúss. Fyrirtækið framleiðir fjölbreytt úrval af leiðarlínum og bóllum. Sala á árinu var fyrir 1,4 m.kr.

Tækjaleiga

Vefvarp Blindrafélagsins: Blindrafélagið kaupir vefvarpstæki frá Hollandi og leigir þau svo út til Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar sem svo úthlutar þeim sem hjálpartækjum. Nokkrir einstaklingar leigja jafnframt

vefvarpstæki. Þessi starfsemi hefur verið vaxandi. Í lok árs 2018 voru um 300 vefvarpstæki í notkun. Fyrir nokkrum árum hóf Blindrafélagið að leigja út dýr og sérhæfð hjálpartæki fyrir blinda og sjónskerta. Þjónustan

er fyrst og fremst ætluð skólum og stofnunum til að auðvelda þeim að afla sér nauðsynlegra tækja við kennslu fyrir blinda og sjónskerta nemendur. Aðallega var um að ræða leigu á lestækjum (stækkunartækjum).

Leiga á þess konar tækjum hefur dregist nokkuð saman og má reikna með að þessi þjónusta muni brátt renna sitt skeið. Í lok árs 2018 voru þrjú tæki í útleigu.

Þjónustusamningar og fengnir styrkir

Styrkur frá velferðarráðuneytinu fyrir árið 2018

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við velferðarráðuneytið sem kveður á um að ráðuneytið styrkir tiltekna starfsemi á

vegum félagsins sem miðar að stuðningi til sjálfstæðis. Fyrir árið 2018 var þjónustusamningur upp á 9 m.kr.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2018 hljóðaði upp á 4,2 m.kr.

Nú liggur fyrir að framlag Reykjavíkurborgar til starfsemi Blindrafélagsins á árinu 2019 verður 3 m.kr.

Styrkur frá Öryrkjabandalagi Íslands

Öryrkjabandalag Íslands veitir aðildarfélögum sínum árlega styrki til ýmissa verkefna.

Heildarstyrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2018 var 4 m.kr.

Aðrir styrkir og gjafir

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta

nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra

væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

Fjárafánadeild Blindrafélagsins

Fjárafánir 2018

Segja má að rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir séu mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (56%) kemur í gegnum fjárafánir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Fjöldi sölumanna hefur atvinnu af því að selja almenningi varning í nafni vel þekktra samtaka.

Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins og hefur það skilað nokkrum árangri.

Á árinu 2018 skiluðu fjárafánir félagsins 86,4 m.kr. umfram beinan fjáöflunarkostnað á móti 77,9 m.kr. árið á undan.

Happdrætti

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur svo verið í mörg ár. Happdrættið fer fram

tvisvar á ári með útdrætti í júní annars vegar og desember hins vegar. Vorhappdrættið er með

minna sniði en hausthappdrættið. Í vorhappdrættinu voru gefnir út 60.000 miðar. Hausthappdrættið var hins vegar í svipuðum dúr og árið á undan. Miðar voru sendir til allra landsmanna á aldrinum 30–88 ára. Heildarupplag útgefinna miða var 157.000. Sem fyrr fengu þeir sem eru 60 ára og eldri sína miða senda á

pappír en þeir yngri fengu einungis rafræna miða.

Miðaverð var 2.900 kr. Happdrættið skilaði félaginu 22,1 m.kr. afkomu á árinu sem er um 19% lakari afkoma en í fyrra og skýrist það af færri seldum miðum og aukningu í verðmæti útdreginna vinninga.

Víðsjá

Á árinu komu út tvö tölublöð af Víðsjá, tímariti Blindrafélagsins. Var það árgangur nr. 10. Víðsjá kom fyrst út í tilefni af 70 ára afmæli félagsins árið 2009. Upplag blaðsins var svipað og undanfarin ár, um 20.000 eintök. Sem fyrr fylgdi blaðinu valkrafa sem viðtakendur gátu greitt ef þeir vildu styrkja útgáfu blaðsins. Upphæð valkröfunnar var 2.500 kr. og heimtur á valkröfum voru um 30%. Vel gekk að selja auglýsingar og styrktarlínur á árinu, eins og undangengin ár. Vel er vandað til blaðsins sem er í hefðbundnu tímaritabroti og prentað á góðan pappír.

Víðsjá er orðin ein af þýðingar-meiri tekjulindum fyrir félagið og skilaði útgáfan félaginu 21,4 m.kr. hagnaði á árinu 2018 á móti 18 m.kr. árið 2017. Tilgangur blaðsins er margþættur; fjáröflun og fræðsla, en líka eins og í allri annarri starfsemi félagsins að virkja félagsmenn og sýna í verki að blindir og sjónskertir geti sinnt fjölbreyttum verkefnum. Getur blaðið þannig virkað valdeflandi fyrir félagsmenn. Það er því ánægjulegt að sjá fleiri félagsmenn taka þátt á öllum stigum í framleiðslu blaðsins. Ritstjóri Víðsjár á árinu var Rósa María Hjörvar.

Jóla­kort

Afkoma af jóla­kortasölu batnaði nokkuð á árinu og skilaði félaginu 5 m.kr. í hagnað samanborið við 4,5 m.kr árið 2017. Ástæða liggur í lækkun á kostnaði frá árinu á undan. Salan fer að mestu fram með

útsendingu á jóla­kortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda, en alls voru sendir út um 3500 pakkar ásamt valkröfum samanborið við 5000 pakka árið á undan.

Leiðsögu­hundadagatöl

Leiðsögu­hundadagatal Blindrafélagsins hefur verið gefið út frá 2012. Dagatalið er hugsað sem kynning á leiðsögu­hundaverkefni Blindrafélagsins og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Á árinu 2018 var dagatalið sent út til um 19.000 einstaklinga ásamt valkröfu upp á 2.700 kr. Samtals greiddu um 37% þeirra sem fengu dagatal og valkröfuna sent. Afkoma á

árinu 2018 var jákvæð upp á 14,5 m.kr. samanborið við 12 m.kr. á árinu 2017. Nýtt dagatal fyrir árið 2018 var sent út milli jóla og nýárs 2018. Fyrir árið 2019 voru gefin út 18.000 dagatöl. Um 11.000 voru send á einstaklinga með valkröfu uppá 2.350 kr. og um 7.000 dagatöl fóru í kassasölu í Bónus og Nettó/Samkaup og voru seld þar á 1.939 kr.

Bakhjarlar

Ekki var ráðist í bakhjarla- söfnun á árinu. Afkoman á árinu 2018 var upp á 17,5 m.kr. á móti 11,2 m.kr. 2017. Sjóntrygging sem lengi hefur fylgt bakhjarlaaðild fékkst ekki endurnýjuð fyrir 2019 hjá erlenda tryggingafélaginu sem

tryggingin hefur verið keypt af. Engar skýringar hafa fengist á því af hverju AIG, sem er tryggingafélagið sem sjóntryggingin var keypt af, ákvað að hætta að bjóða þessa tryggingu. Vinna við að finna

nýtt tryggingafélag er í gangi og lítur vel út.

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til um 1.200 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum. Styrktarbeiðnir voru sendar út í júní 2018 þar sem fyrirtækin voru beðin um að styrkja félagið

og sérstaklega fyrirhugaðar viðhaldsframkvæmdir á Húsi Blindrafélagsins. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var 1,8 m.kr. en árið á undan var afkoman um 2,6 m.kr.

Rekstur fasteigna

Útleiga á húsnæði

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2018 voru 54,6 m.kr. á móti 50,7 m.kr. árið á undan. Leigutakar eru Augnlæknar Reykjavíkur vegna Optic Reykjavík og Blindravinnustofan ehf. sem eru með leigurými á 1. hæð, auk þess sem þar eru skrifstofur Blindrafélagsins. Á 2. hæð eru Augnlæknar Reykjavíkur og Stóreignamenn með um helming hæðarinnar á leigu og hinn helmingurinn er nýttur undir Félagsheimili Blindrafélagsins.

Á 2. og 3. hæð er 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn og voru þær allar í útleigu allt árið 2018. Tvær íbúðir losnuðu á árinu og voru þær auglýstar og endurleigðar.

Í húsinu eru einnig leigðar út tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi. Var nýtingin sem hér segir:

Íbúð 401
(gestaíbúð/endurhæfingaríbúð): 39%
Íbúð 309 (gestaíbúð): 45%
Íbúð 304 (gestaherbergi): 21%
Íbúð 404 (gestaherbergi): 21%

Viðhaldsframkvæmdir utanhúss

Árið 2017 ákvað stjórn Blindrafélagssins að láta fara fram úttekt á ytra byrði Hamrahlíðar 17. Niðurstaða úttektarinnar var að viðhaldspörf hússins væri upp á allt að 150 m.kr. Stærstu þættir viðhaldsins liggja í gluggaskiptum, múrviðgerðum og málun. Í desember 2017 var fyrsti áfangi af þremur boðinn út og varð fyrirtækið Verkfar fyrir valinu enda með lágsta tilboðið. Stóðu framkvæmdir yfir frá maí fram í október. Meginhluti framkvæmdanna sneri að gluggaskiptum, múrviðgerðum og málun á gamla húsinu. Suðurgafliinn á nýja húsinu var þó líka tekinn. Jafnframt var nánast öll sameignin innahúss máluð.

Heildarkostnaður vegna þessara viðhaldsframkvæmda á árinu er 49,9 m.kr. og skiptist gróflega niður með eftirfarandi hætti:

Kostnaður við úttekt, áætlanagerð, útbodslýsingar og eftirlit: 5 m.kr.

Kostnaður vegna vinnu Verkfars: 42 m.kr.

Önnur verktakavinna: 3 m.kr.

Sá hluti verksins sem féll innan útbodsins var 9% umfram tilboð og verksamning og skýrist það af samþykktum aukaverkum sem ekki voru skilgreind í útbodslýsingu og að áætlaðar magntölu, eins og til dæmis í steypuviðgerðir, reyndust vera of lágar.

Ákvörðun hefur verið tekin um að það sem eftir er að gera verði unnið í einum áfanga. Um er að ræða að skipta út öllum svalahurðum og opnalegum fögum, setja nýtt gler, steypuviðgerðir og málun. Framkvæmdir verða frá apríl til júlí og hljóðar kostnaðaráætlun upp á 60 m.kr.

Heildarkostnaður framkvæmdanna verður þá um 110 m.kr. Skýringin á því að gert er ráð fyrir að kostnaðurinn verði ekki 150 m.kr., eins og upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir, liggur í því að ekki þarf að skipta út öllum gluggum í húsinu eins og gert var ráð fyrir.

Brunavarnir

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á brunavörnum í Hamrahlíð 17 að kröfu slökkviliðsins. Gerð var rýmingaráætlun og sérstakir rýmingarstjórar voru skipaðir, auk þess sem sérstök viðbragðsáætlun hefur verið gerð ef kviknar í húsinu eða ef alvarleg slys verða. Í nýlegri

brunaúttekt sem gerð var í febrúar 2018 var einungis ein smávægileg athugasemd gerð. Áður voru athugasemdirnar 30–40 talsins. Í nýlegri úttekt sem var gerð á brunakerfi hússins fengu brunavarnirnar mjög jákvæða umsögn eftirlitsaðila, sem er slökkviliðið.

Félagsmáladeild Ársskýrsla tæknimála 2018–2019

Kynning

Starf tölvu- og tækniráðgjafar er fólgið í því að þjónusta tækni á vegum Blindrafélagsins, stýra verkefnum tengdum þeirri tækni og sjá til þess að notendur tækninnar fái aðstoð og þjónustu. Starfið er einnig fólgið í því að þróa og skoða nýjungar í tæknimálum sem geta nýst blindum og sjónskertum. Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar til tækniráðgjafans fyrir hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það

sem þá vantar hjálp með. Mikil samvinna er með Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þá vantar fyrir sína daglegu notkun tölva og tækja. Einnig er hægt að bóka viðtalstíma, aðstoðar- eða kennslutíma fyrir til dæmis vefvarpsnotkun eða fyrir notkun talgervla.

Aðgengisfulltrúi tekinn til starfa

Í ársbyrjun 2019 tók Rósa María Hjörvar til starfa hjá Blindrafélaginu sem aðgengisfulltrúi og mun hún einbeita sér að verkefnum í rafrænu og ferilfræðilegu aðgengi. Þegar hafa verið haldnir fundir með opinberum

stofnunum á borð við Tryggingastofnun og fleirum og er ætlunin að setja pressu á að fá í gegn innleiðinguna á löggjöf frá ESB sem var samþykkt 2017 ásamt því að dreifa lausnum eins og SiteImprove og ReadSpeaker.

Vefvarp Blindrafélagsins

Í heildina eru um 290–300 tæki í láni hjá félaginu og er örlítill aukning á milli ára. Þegar skoðuð er notkun vefvarpsins er hún í stöðugum vexti milli ára. Vinsælustu liðir vefvarpsins eru hljóðbækur en þar á eftir eru dagblöð, tímarit

og vefmiðlar, útvarpsstöðvar og hlaðvörp og textalestur sjónvarpsstöðva með um það bil 40 daglega notendur. Vefvarpið er, og verður áfram, í stöðugri þróun hjá okkur á komandi árum.

Samstarf við ReadSpeaker

Blindrafélagið er áfram í samstarfi með ReadSpeaker í útbreiðslu á vefþulu á Íslandi. Lausnin heitir í dag webReader. Þetta samstarf hefur dafnað vel undanfarin ár og hefur útbreiðsla og notkun á vefþulunni aukist á milli ára. Blindrafélagið vinnur með ReadSpeaker við að sjá til þess

að talgervilsraddirnar Karl og Dóra séu til fyrir Android-stýrikerfi og geta notendur náð í raddirnar sér að kostnaðarlausu í Google Play. Samkvæmt Google Play hafa raddirnar verið sóttar á bilinu 100–500 sinnum.

Samstarf við SiteImprove

Blindrafélagið og SiteImprove hafa gert með sér samvinnu-samkomulag. SiteImprove hefur verið duglegt við að kynna mikilvægi þess að vefir séu aðgengilegir öllum notendum Internetsins og býður upp á lausn fyrir vefumsjónarfólk til að fylgjast með ef villur eða vandamál finnast á vefum þeirra. Við eigum því mikla samleið með SiteImprove og munum vinna með þeim að því að halda áfram vitundarvakningu og

kynningum á aðgengismálum, ásamt því að kynna lausnina þeirra. Á ICEWEB-vefverðlaunahátíð Samtaka vefiðnarins (SVEF) 22. febrúar 2019 afhenti Blindrafélagið ásamt SiteImprove-fyrirtækinu Isavia verðlaun fyrir góða frammistöðu í rafrænu aðgengi. Það var Sigþór Unnsteinn Hallfredsson formaður sem veitti verðlaunin fyrir hönd Blindrafélagsins.

Talgervilsraddirnar Karl og Dóra

Blindrafélagið hefur haldið áfram að úthluta talgervilsröddunum Karl og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti. Þeir sem hafa rétt á endurgjaldslausri úthlutun þurfa að velja sér annaðhvort Karl eða Dóru. Hægt er síðan að kaupa hina íslensku röddina hjá Blindrafélaginu fyrir þá sem vilja.

Fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar geta keypt stakar raddir eða pakka með báðum röddunum í gegnum skrifstofu Blindrafélagsins eða í vefverslun Blindrafélagsins. Árið 2018 voru úthlutaðar og seldar um 170 raddir. Frá byrjun hafa um 1900 einstaklingar og fyrirtæki keypt eða fengið úthlutaðar raddir af Blindrafélaginu.

Farsímar og snjallsímar

Í október 2018 setti Blindrafélagið í gang vinnuhóp til að rannsaka stöðu og notkun félagsmanna á farsímum og snjallsímum. Í hópnum voru Baldur Snær Sigurðsson, Ágústa Eir Gunnarsdóttir og Gunnar Valur Gunnarsson. Blindrafélagið hafði samband við fyrirtæki sem heitir KapSys í Frakklandi og keypti eintak af símanum SmartVision 2 Premium til skoðunar. Þetta er eini síminn sem við höfum fundið sem keyrir Android-stýrikerfið ásamt því að hafa takkaborð fyrir innslátt. Þar sem síminn keyrir með Android-stýrikerfi er möguleiki á því að nota íslensku talgervilsraddirnar í símanum. Það þarf hins vegar að fara í þýðingarverkefni á skel símans áður en hægt er að byrja að selja símann notendum hér. Gerð var könnun meðal félagsmanna þar sem þeir voru spurðir út í sínar venjur og vonir þegar kemur að farsímanotkun og viljum við þakka sérstaklega öllum félagsmönnum sem tóku þátt. 79% þeirra sem tóku þátt í könnuninni eru snjallsímanotendur, en 21%

farsímanotendur. Kom í ljós að flestir félagsmenn eru í dag með síma sem þeir eru frekar ánægðir með. Sumir geta hugsað sér að uppfæra en einnig voru nokkrir sem sögðust vera í vandræðum með símann. Flestir notendur sem tóku þátt nota snjallsíma með skjálestri á íslensku eða ensku, en aðrir eru með stækkað letur eða stærra viðmót.

Af þeim sem tóku þátt fannst flestum mikilvægt að síminn þeirra byði upp á íslenskt tal og íslenskt viðmót. Einnig er mikilvægt að síminn bjóði upp á stækkunarmöguleika, vekjaraklukku og myndavél. Flestir notendur eru sáttir við að nota snertiskjá, en nokkrir notendur vilja frekar hafa farsíma með takkaborði. Mjög erfitt hefur reynst að finna Android-síma í Evrópu sem hafa takkaborð. Haft var samband við nokkra innflytjendur og söluaðila og gat enginn þeirra útvegað þessa tegund af sínum. Notendur sem þurfa íslenskt tal með takkasímum eru því enn þá fastir í notkun á eldri símtækjum. Við vitum af félagsmönnum sem eru að leita

sér að farsíma sem styður íslensku og hefur takkaborð til innsláttar og munum við halda áfram að leita að svoleiðis tæki. Þriðjudaginn 26. febrúar var haldinn opinn tæknidagur í sal Blindrafélagsins þar sem nokkrir farsímar og snjallsímar voru sýndir félagsmönnum.

Ágústa Eir kynnti og sýndi félagsmönnum SmartVision 2 símann á ensku með skjálestri. Tæknivörur lánuðu okkur nokkrar útgáfur af farsímum frá Doro sem voru til sýndir sem hafa því miður aðeins takkaborð en engan skjálestur.

Ársskýrsla trúnaðarmanna Blindrafélagsins 2018–2019

Markmið trúnaðarmanna Blindrafélagsins er að miðla af reynslu sinni og veita þannig andlegan stuðning þeim sem hafa misst eða eru að missa sjón og aðstandendum þeirra. Enn fremur að veita almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blinda og sjónskerta. Trúnaðarmenn hvetja til virkrar þátttöku í samfélaginu og eru fyrirmynd hvað það varðar sem og annað í daglegu lífi.

Trúnaðarmaður á að geta veitt almennar upplýsingar um réttindi og þjónustu við blint og sjónskert fólk. Hann á að vera vakandi fyrir nýjungum í tæknimálum og á sviði hjálpartækja og endurhæfingar.

Trúnaðarmenn hringja í flestalla félagsmenn að minnsta

kosti tvisvar á ári til þess að fylgjast með gangi mála og veita stuðning og upplýsingar eftir þörfum. Félagsmenn Blindrafélagsins eru rúmlega 700 að tölu og eru því símtöl trúnaðarmanna hátt á annað þúsund.

Trúnaðarmenn í launuðu starfi eru Dagný Kristmannsdóttir, Jón Helgi Gíslason og Helga Friðriksdóttir.

Ráðgjafi Blindrafélagsins hringir fyrsta símtal í nýja félagsmenn og segir þeim frá trúnaðarmannakerfinu og deilir skjólstæðingum jafnt á milli trúnaðarmannanna.

Trúnaðarmenn taka á móti nýjum félagsmönnum og bjóða þeim í hádegisverð í

mötuneytinu og fylgja þeim í opið hús í fyrsta skipti.

Starfsdagur. Í september 2018 fengum við Reynar Kára Bjarnason sálfræðing til okkar með fyrirlestur um skilin milli vinnu og einkalífs, erfið samtöl, jákvæð og neikvæð samskipti og svo fengum við handleiðslu á eftir.

Starfsdagur. Í apríl 2019 kom Þórkatla Aðalsteinsdóttir til okkar og fjallaði um kulnun í starfi og síðan fengum við handleiðslu.

Dagný Kristmannsdóttir
Helga Friðriksdóttir
Jón Helgi Gíslason

Skýrsla alþjóðafulltrúa 2018–2019

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK er samstarfsnefnd norrænna blindrasamtaka og NKK er kvennanefnd þeirra. Árlega eru haldnir tveir fundir í þessum nefndum. Á árunum 2018–2019 fara Danir með formennsku í samstarfinu. Rætt er um málefni sem varða öll samtök, þar má t. d. nefna menntun, punktaletur, leiðsöguhundamál og tæknimál. Einnig er rætt um starfið innan EBU og WBU og oft teknar sameiginlegar ákvarðanir varðandi þessi samtök.

Vorfundirnir voru að þessu sinni haldnir í apríl í Hótel Glym á Íslandi. Á NSK-fundinum var tekin ákvörðun

um að hvetja íslensk stjórnvöld til að létta af banni við komu leiðsöguhunda til landsins. Á þessum fundi sátu nokkrir einstaklingar sem hefðu viljað fá að koma með hundinn sinn til Íslands en gátu það ekki vegna reglu um einangrun í fleiri vikur. Haustfundirnir voru haldnir í október í tengslum við norrænu kvennaráðstefnuna í Malmö í Svíþjóð. Þema kvennaráðstefnunnar að þessu sinni var konur og leiðtogahlutverkið. Ísland sendi sjö konur á ráðstefnuna.

Blindrafélagið á einnig aðild að European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU) og Retina International (RI) og fylgist með starfi á

Þessum vettvangi. Í júní 2018 tók Baldur Snær Sigurðsson þátt í EBU-ráðstefnu um stöðu sjónskertra, þjónustu og endurhæfingu fyrir þá. Áætlun EBU er að virkja netverk sjónskertra og kalla til aðgerða. Þessi ráðstefna var sú fyrsta

sinnar tegundar en áætlað er að halda slíka ráðstefnu árlega. Eyþór Kamban Þrastarson hefur einnig verið kosinn til að taka þátt í þjálfun ungra stjórnenda á vegum EBU. Marjakaisa Matthíasson, alþjóðafulltr

Ársskýrsla ráðgjafa 2018–2019

Ráðgjafi er í 50% starfshlutfalli. Vinnudagarnir eru þriðjudagur, miðvikudagur og fimmtudagur, tveir heilir dagar og einn hálfur. Á þeim tímum er félagsmönnum velkomið að koma á skrifstofuna og tala við mig án þess að panta sérstaklega viðtalstíma. Ég sendi öllum nýjum félagsmönnum kynningarmöppu og hringi svo fyrsta símtal í þá og eða tek á móti þeim og aðstandendum þeirra á skrifstofunni, kynni fyrir þeim trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins og hvað er á döfinni hjá félaginu hverju sinni, eins og opið hús og bókaklúbbinn. Ég segi frá vefvarpinu. Auk þess panta ég félagsskírteini og stimpla fyrir þá félagsmenn sem þess óska, sækji um frían aðgang að 1818 og 1819 fyrir lögblinda

félagsmenn og sé um að senda beiðni um afskráningu á þessum fríðindum (1818 og 1819) við andlát eða afskráningu úr félaginu.

Ég fylgi nýjum félagsmönnum í fyrsta skiptið sem þeir sækja opið hús og borða með þeim í hádeginu.

Ég held utan um trúnaðarmannakerfi Blindrafélagsins og skipulegg starfs- og fræðsludag tvisvar á ári. Í september fengum við Reynar Kára Bjarnason, sálfræðing frá Lífi og sál sálfræðistofu ehf., sem fjallaði um skilin milli vinnu og einkalífs, erfið samtöl, jákvæð og neikvæð samskipti. Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur hjá Lífi og sál sálfræðistofu ehf. sömuleiðis, kom í apríl með

fyrirlestur um kulnun í starfi og verður svo með handleiðslu fyrir okkur fjögur eftir fyrirlesturinn.

Ég hringi í umsækjendur ferðapjónustunnar þegar Hreyfilssamningur þeirra er tilbúinn til undirritunar, afhendi hann og fer yfir reglurnar með þeim.

Ég sendi formönnum deilda, Norðurlandsdeild,

Suðurlandsdeild,
Suðurnesjadeild og Ungblind skrá yfir nýja félagsmenn. Ég sendi stjórn félagsins skrá yfir nýja félagsmenn mánaðarlega og held líka skrá yfir látna félagsmenn.

Nýir félagsmenn frá síðasta aðalfundi eru orðnir 66 núna í mars 2019 og látnir félagsmenn á þessu sama tímabili eru 52.

Arnheiður Björnsdóttir

Mötuneyti Blindrafélagsins

Á síðasta ári seldust 5.362 máltíðir sem er 288 færri en árið á undan.

Í opnu húsi seldust 1.018 kaffiskammtar og fengum við 171 gest, tveir kórar litu í heimsókn, 20 manna og 10 manna. Og svo komu 17 nýir félagsmenn í kaffi til okkar.

Þegar hugað er að eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímum.

Vinnuaðstaða er mjög góð, en skipt var um glugga í eldhúsi síðasta sumar.

Í starfi mínu hef ég að leiðarljósi þau ráð sem heilbrigðis- eftirlit og manneldisráð mæla með og hvet einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Ég fylgi eftir þeim reglum sem settar eru í heilbrigðismálum, en þar eru dagleg þrif stór þáttur í starfi mínu sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig fylgi ég gæðaeftirlitskerfinu GÁMES og fer því vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhús til mín. Ég

kanna ástand þeirra, þakkn-
ingar, flutninga og meðhöndlun.
Með þetta að leiðarljósi leitast
ég ávallt við að hafa úrvals-
hráefni til meðhöndlunar og er
ég þar með í mjög góðum sam-
skiptum við birgja, bæði hvað
varðar verð og gæði hráefnis.
Matseðlana vinn ég svo sex
vikur í senn, í samráði við birgj-
ana og hvort hægt sé að útvega
besta mögulega hráefnið hverju
sinni. Stefna mín er að fylgja
ráðleggingum Lýðheilsustöðvar
og manneldisráðs en þær fela í
sér hollt og næringarríkt,

heilsusamlegt fæði og að allir
fái bestu gæði og hollustu sem
völ er á hverju sinni. Einnig
hlusta ég eftir hvaða óskir fólk
hefur og reyni að taka tillit til
þess hverju sinni og leitast við
að hafa matinn heimilislegan og
vel framsettan. Ég reyni að hafa
fjölbreytt meðlæti í boði þegar
það er opið hús, en það er ekk-
ert skemmtilegra en að hafa
alla sadda og sátta.

Virðingarfyllst,
Þórkatla Norðquist,
matartæknir og matsveinn

Félagsstarfið

Suðurlandsdeild 2019

Mikil fækkun hefur verið á félögum í okkar hópi á síðustu tveim til þrem árum. Samt höfum við reynt að halda okkar fundi síðasta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrartímann.

Af virkum félögum sem mæta á fundi eru aðeins þrír eftir, auk tveggja nýrra félaga sem mæta og lofar það góðu með framhaldið því að virkir félagar eru nú aðeins fimm talsins. Við ætlum samt að hittast síðasta þriðjudag í apríl kl 13 í Grænumörk 5 á Selfossi og ætlar hún Vala frá Miðstöðinni að koma og gefa okkur góð ráð. Það sem við ætlum að fjalla um á þeim fundi er nýi miðbærinn á Selfossi sem er í byggingu núna.

Okkur langar til að hafa möguleika á að benda á það sem betur mætti fara varðandi umferli blindra og sjónskerta á þessu almennings-svæði.

Við sendum bæjarstjóra Selfoss bréf þar sem við óskuðum eftir að hann eða fulltrúi hans mættu á fund með okkur. Sá góði maður benti þá á verktakann sem er að vinna að þessu verkefni og er verið að vinna í að fá hann á fudninn.

Að öðru leyti má segja um síðasta ár að við hittumst og plönuðum meðal annars ferð til Reykjavíkur sem okkur tókst ekki fyrir áramót og jafnvel urðum við að sleppa jólafundinum okkar sem hefur annars verið árlegur viðburður.

Annars erum við ekki að vinna að neinum öðrum málum í bili. Við hittumst samt alltaf í spjalli og kaffi einu sinni í mánuði að vetrinum.

Með bestu kveðju,
Guðrún S. Þórarinsdóttir

Skýrsla stjórnar Suðurnesjadeildar 2018

Félagsstarfið hefur verið reglubundið allt árið 2018, félagsfundir hafa verið haldnir fyrsta mánudag í mánuði heima hjá félagsmönnum, mæting hefur verið 7–11 manns.

Bókaklúbbur var starfræktur allt árið 2018 og koma félagsmenn saman þriðja mánudag í mánuði að Nesvöllum og ræða þá bók sem valin hefur verið. Mæting á

Þessa fundi hefur verið frá 4–7 manns. Gönguklúbbur er starfandi og hefur hann gengið um byggðarlögin og í Reykjavík, félagsmenn hringja sig saman þegar tilefni gefst. Boðið er upp á göngu og leikfimi í Reykjaneshöllinni þrisvar í viku og einn nefndarmanna býður aðstoð sína þar. Boðið hefur verið upp á ferðir með Opnu húsi í Hamrahlíð 17 og fóru félagsmenn bæði í vor- og haustferð. Einnig var laugardagsskemmtun með Baggalúti. Desemberfundurinn var haldinn á ParkInn-hótelinu þar sem við borðuðum saman og var það mjög ánægjuleg kvöldstund. Kristján Björn Tómasson og Höskuldur Björnsson voru fulltrúar deildarinnar á samráðsfundum í Hamrahlíð 17. Á síðasta aðalfundi

deildarinnar voru þeir kosnir í stjórn ásamt Kristbjörgu Hallsdóttur. Sigfús Ingvason, Þormar Helgason og Már Gunnarsson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Í upphafi deildarinnar árið 2014 voru félagsmenn 20 en eru nú 32. Hringt er í félagsmenn og þeim kynnt starf deildarinnar. Nokkurt áhyggjuefni er hversu fáir eru með vefvarpið, það gæfi meiri möguleika á að koma upplýsingum á framfæri. Núverandi stjórn skipa María Hauksdóttir formaður og aðrir stjórnarmenn eru Höskuldur Björnsson, Kristín Sveinsdóttir, Kristbjörg Hallsdóttir og Kristján Björn Tómasson.

Fyrir hönd stjórnar,
María Hauksdóttir

Ársskýrsla bókmenntaklúbbs 2018

Bókmenntaklúbburinn starfaði af fullum krafti frá 18. september til 7. maí. Þetta var fjórtánda starfsár klúbbsins og við hittumst reglulega fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar kl. 15:40–17:10. Við lásum 13 bækur í vetur og skipumst ötullega á skoðunum. Oft

spunnust skemmtilegar umræður um bækurnar. Sem fyrr naut klúbburinn aðstoðar Huldu Pétursdóttur, starfsmanns Hljóðbókasafns Íslands, og eru henni hér með sendar kærar þakkir fyrir frábæra þjónustu.

Brynja Arthúrsdóttir

Ársskýrsla foreldradeildar 2018–2019

Starfsemi foreldradeildar Blindrafélagsins var frekar lítil á starfsárinu 2017–2018. Laugardaginn 9. júní fór foreldradeildin í dagsferð í sveitina. Við heimsóttum bæinn Vorsabæ og kíktum á dýrin í fjósinu. Krakkarnir máttu klappa og halda á lömbum og kiðlingum og sumir fóru á hestbak. Svo keyrðum við í Þorlákshöfn og gæddum okkur á kræsingum á veitingastaðnum Hendur í Höfn. Ferðinni lau með heimsókn í fjöru í rigningu en það skemmdi hvorki stemninguna né skapið. Allir voru ánægðir með daginn og skemmtu sér vel. Sunnudaginn 2. desember var hið árlega jólaföndur foreldradeildar og sjóðsins Blind börn á Íslandi í sal Blindrafélagsins.

Viðburðurinn heppnaðist vel þó að fleiri hefðu mátt taka þátt í honum.

Dagana 15.–17. mars voru haldnar vetrarbúðir fyrir börn á aldrinum 9–15 ára í Reykjadal. Þátttakendurnir voru 11 talsins. Á föstudagsmorgun fórum við í heimsókn í Perluna og Íshellinn og skoðuðum náttúrusýninguna. Eftir hádegi og á laugardagsmorgun var ekið í Bláfjöll. Fæstir höfðu farið áður á svigskíði en nutu sín í brekkunni. Hvert og eitt barn var með kennara sér við hlíð. Gist var í Reykjadal og þar var farið í ýmsa leiki, borðað vel og sýnt í sundlaug staðarins.

Marjakaisa Matthíasson,
starfsmaður foreldradeildar

Ársskýrsla jafnréttisnefndar 2018–2019

Á árinu 2018 voru haldnir tveir fundir og eitt tæknivöld. Því miður var aðsókn ekki góð, en það getur verið snúið að halda góðri aðsókn að viðburðum nú á tímum. Jafnréttisnefnd er höfð

til þess að fylgjast með réttindamálum hvers konar og kynjajafnrétti í félaginu okkar. Á vettvangi stjórnar hefur margt gott málið verið tekið fyrir til að tryggja rétt og

velferð félagsmanna, svo sem viðbragðsáætlun gegn kynferðislegri misnotkun og ofbeldi, og síðan var sett á laggirnar fagråd sem fólk getur leitað til með slík mál. Tveir félsgsmenn úr stjórn eru í

jafnréttisnefnd. Við höldum ótrauð áfram að fylgjast með og reyna að halda viðburði sem styrkja okkur og störf okkar í félaginu.

Rósa Ragnarsdóttir

Valdar greinar 43. árgangs í ársskýrslu 2018–2019

Árið 2018 komu út 23 tölublöð af Völdum greinum.

Heildartími: 41 klukkustund.

Árið 2017 komu út 23 tölublöð af Völdum greinum.

Heildartími: 52 klukkustundir.

Valdar greinar voru með hefðbundnu sniði og framsetningu. Birt var efni frá félagsfundum og aðalfundi. Einnig voru spjallfundir og fræðslufundir hljóðritaðir og birtir bæði á Völdum greinum í samantekt og í heild í vefvarpinu og á netinu. Þá var reynt að fylgjast með félagsstarfi eftir því sem kostur var á og birta efni þaðan, en meginuppistaðan var viðtöl við félagsfólk og ýmsa aðila sem tengjast málaflokknum.

Á árinu 2018 var farið út á land og fengið efni þaðan, en um var að ræða Stykkishólm þar sem

núverandi formaður býr nú.

Hann fór með okkur víða með dóttur sinni og við fengum að kynnast mannlífinu þar á mjög skemmtilegan hátt. Slíkt efni væri vafalaust hægt að sækja víðar út á land en það er nokkuð ljóst að blint og sjónskert fólk er víðar á landinu en á suðvesturhorninu.

Tilkynningar og frétt næmt efni er líka ákveðinn liður á Völdum greinum. Þar má nefna tilkynningar og upplýsingar um félagsstarf á vegum félagsins og hljóðbókakynningar frá Hljóðbókasafninu, áður Blindrabókasafni, sem hafa verið á Völdum greinum nær frá upphafi. Upplýsingar og fundargerðir frá stjórn eru birtar þegar slíkt efni berst. Að mati ritstjóra mætti upplýsingagjöf frá stjórn til félagsmanna vera meiri og

markvissari. Reynsla ritstjóra er sú að persónuleg tengsl geta skapast þegar forsvarsmenn félagsins láta í sér heyra að fyrra bragði á Völdum greinum. Þau yrðu hugsanlega mikilvæg, bæði fyrir grasrótina og stjórnarfólk.

Í nóvember átti undirritaður fund með formanni og framkvæmdastjóra Blindrafélagsins vegna skráningar á Völdum greinum sem til eru í fórum Blindrafélagsins. Ritstjóri hafði nokkru áður ritað stjórn félagsins um þetta efni. Rætt var um hvernig best væri að skrá efnið og komust menn að nokkurri niðurstöðu þar um. Vinnan mun hns vegar reynast mjög tímafrek og nú er það ákvörðun stjórnar hvernig og hvort ráðist verði í slíka skráningu. Þetta gildir líka um margt annað sem varðar sögu Blindrafélagsins.

Ýmir komu að gerð Valinna greina á árinu. Má þar nefna Baldur Snæ Sigurðsson, Sigbór Unnstein Hallfredsson, Herdís Hallvarðsdóttur, Eybór Kamban Þrastarson og Ágústu Eir Gunnarsdóttur en hún var

fengin til þess að taka ýmis viðtöl til birtingar á Völdum greinum. Viðtöl við félagsfólk mælast ákaflega vel fyrir á meðal hlustenda og sérstaklega þegar farið er að grafa eftir gömlu efni.

Nú í sumar eru níu ár síðan ég tók alfarið við ritstjórn Valinna greina. Ég hef unnið við þær meira og minna frá upphafi, í tæpa fjóra áratugi. Á þeim tíma hafa þær breyst úr því að vera miðill þar sem flutt var efni úr dagblöðum, tímaritum og vefmiðlum yfir í að nú er nær eingöngu flutt efni tengt Blindrafélaginu og ýmsu sem tengist málaflokki blindra og sjónskertra.

Alls hafa verið send á þessum níu árum um 200 tölublöð, varlega áætlað um 650 klukkustundir að lengt. Þetta hefði aldrei tekist nema vegna góðrar samvinnu ritstjóra við ýmsa þá sem þar hafa komið nærri. Ég hef tilkynnt framkvæmdastjóra og formanni að ég muni láta af ritstjórn Valinna greina nú í sumar. Mér verður hugsað til ýmissa samstarfsmanna í gegnum tíðina. Ég minnst sérstaklega Sigríðar Guðmundsdóttur sem

las efni inn á Valdar greinar í rúma tvo áratugi og margra annarra sem lögðu hönd á plóginn. Þá minnst ég samstarfsins í byrjun við félag í Lionsklúbbnum Nirði sem lásu inn á Valdar greinar í rúm sex ár. Á þeim vettvangi átti Sveinn Ásgeirsson, hagfræðingur og útvarpsmaður, og aðrir félagar úr Nirði drýgtan hlut að máli. Við Þórunn Hjartardóttir áttum farsælt og mjög ánægjulegt samstarf en hún var sú síðasta sem ráðin var til þess að velja efni úr ýmsum dagblöðum, tímaritum og svo vefmiðlum. En varla hefði ég getað unnið þetta eins og ég hef gert nema með dyggri aðstoð hennar Herdísar minnar sem hefur verið mér einstök hjálparhella og hvatt mig áfram. Framlag þeirra og allra annarra er ómetanlegt.

Ég hef áður minnst á að fleiri þyrftu að koma að gerð Valinna greina. Það er t.d. hugmynd hvort ekki væri þess virði að virkja fleiri til dagskrárgerðar en með nútímatækni er orðið frekar auðvelt að gera þokkalegar hljóðritanir sem má

nota. Þeim mun fjölbreyttari sem Valdar greinar eru, þeim mun skemmtilegra.

Valdar greinar hafa nú fest sig í sessi sem hljóðtímarit um málefni blindra og sjónskertra aðallega. Mig langar að þakka þeim mörgu sem hafa sýnt efni þeirra áhuga og verið óþreytandi að hafa samband með hlý orð og ábendingar.

Sem ritstjóri þakka ég framkvæmdastjórum Blindrafélagsins, stjórnnum og starfsfólki góða og afar ánægjulega samvinnu. Formenn Blindrafélagsins hafa sýnt Völdum greinum mikinn áhuga en þó er ekki á neinn hallað þótt núverandi formaður sé nefndur. Hann hefur veitt ritstjóra gott aðhald og verið óþreytandi við að benda á ýmislegt sem vert væri að fjalla um og fylgja því vel eftir.

Öllum félagsmönnum og áskrifendum sendi ég kærar ritstjórakveðjur og þakka innilega fyrir mig.

8. apríl 2019,
Gísli Helgason

Retina Ísland, sem í almennu tali er gjarnan kallað RP-deildin, hefur það að markmiði að vera vettvangur þeirra sem eru með arfgenga ólæknandi hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandenda þeirra. Megináherslan er lögð á fræðslu og jafningjastuðning. Í starfi deildarinnar er lögð mikil áhersla á að fylgjast eins og kostur er með því nýjasta sem er að gerast í vísindarannsóknnum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla því til félagsmanna. Í því skyni er reglulega boðað til atburða yfir vetrarmánuðina. Auk þess tekur Retina Ísland þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Stjórn deildarinnar skipa Sigbór Unnsteinn Hallfredsson formaður, Kristinn H. Einarsson gjaldkeri, Rúna Garðarsdóttir ritari og þeir Alexander Hrafnkelsson og Haraldur Matthíasson meðstjórnendur.

Samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var að þessu sinni haldinn í Noregi 22.–24. ágúst 2018, á sama tíma og norræna augnlæknaþingið NOK2018 var haldið þar. Auk samráðsfundarins sátu fundarmenn Retina málstofu um sjónhimnusjúkdóma á augnlæknaþinginu og sóttu fræðsludagskrá á augndeild Ulleval-háskólasjúkrahússins í Osló þar sem boðið var upp á fróðleg erindi og skoðunarferð. Á alþjóðlega sjónverndardeginum, 11. október, flutti Friðbert Jónasson erindi um það helsta sem fram kom á NOK2018 varðandi AMD (aldurstengda hrörnun í augnbotnum).

Á aðalfundi Retina International í febrúar 2018 tók Blindrafélagið, fyrir hönd Retina Íslands, formlega við undirbúningi að næstu ráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík í byrjun júní 2020 samhliða norræna augnlæknaþinginu NOK2020. Mikill áhugi og eftirvænting er fyrir ráðstefnunni í Reykjavík 2020 í ljósi framfaranna sem

orðið hafa í rannsóknum og klínískum tilraunum og einnig þykir Ísland spennandi áfangastaður.

Christina Fasser frá Sviss sem verið hefur forseti Retina International og aðaldriffjöður undangengna áratugi hefur lýsti yfir að þetta verði hennar síðasta kjörtímabil og þar af leiðandi verður kosinn nýr forseti Retina International í Reykjavík 2020. Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, á sæti í stjórn samtakanna.

Markmið Retina International er að fylgjast með og styðja við vísindarannsóknir sem miða að því að finna meðferðir við arfgengum hrörnunarsjúkdómum í sjónhimnu. Á ráðstefnum RI eru fluttir fjölmargir fyrirlestrar, annars vegar mjög fræðilegir fyrir fagfólkið, lækna og vísindamenn, og hins vegar á „mannamáli“ fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Undirbúningur og skipulagning ráðstefnunnar RIWC2020 í Reykjavík er stórt og mikið viðfangsefni og eins og við er að

búast er það meginverkefni Retina Íslands þessi misserin. Verkefnið er á góðu skriði undur forystu Helga Hjörvars, formanns undirbúningsnefndar, og Ragnheiðar Bragadóttur, prófessors við Ulleval-sjúkrahúsið í Osló, formanns vísindanefndar. Vísindanefndin er að móta dagskrá ráðstefnunnar en nefndin gegnir lykilhlutverki við faglegan undirbúning og val á vísindarannsóknum sem verða kynntar á ráðstefnunni. Unnið er að undirbúningnum í nánú samstarfi við augnlæknafélagið á Íslandi og undirbúningsnefnd NOK2020.

Í janúar 2018 var fyrsta gena-meðferðin við arfgengum sjónhimnusjúkdómi LCA (Leber's congenital amaurosis) viðurkennd í Bandaríkjunum og Evrópusambandið er að fylgja í kjölfarið. Margt annað gríðarlega spennandi er einnig að gerast á öðrum sviðum eins og til dæmis varðandi notkun stofnfruma og CRISPR-tækni í lækningaskyni. Það að vera treyst fyrir að halda ráðstefnu Retina International á heimavelli á þessum tímapunkti er því afar mikilvægt

tækifæri fyrir íslenska vísindamenn og heilbrigðisstarfsfólk til að kynna rannsóknir sínar og kynna sér allt það nýjasta sem er að gerast á vettvangi vísindanna, hvort heldur sem er á sviði mögulegra genalækninga, stofnfrumumeðferða, lyflækninga eða grunnrannsókna. Fyrir sjúklinga með arfgenga hrörnunarsjúkdóma, svo sem AMD, RP, Stargard og fleiri sjónhimnusjúkdóma, og aðstandendur þeirra er þetta einstakt tækifæri til að sjá og heyra fremstu vísindamenn heims á þessu sviði segja frá rannsóknum sínum og niðurstöðum.

Deildin hefur um árabíl boðað til óformlegrar samveru yfir vetrarmánuðina, svokallaðra „RP-hittinga“. Markmið þeirra er að hittast og spjalla saman á óformlegum nótum og miðla reynslu hver til annars. Einnig hefur þetta verið vettvangur til að ná til þeirra sem eru með arfgenga sjónhimnusjúkdóma en hafa staðið utan Blindrafélagsins. Þessir óformlegu fundir hafa í gegnum tíðina ýmist verið haldnir á kaffihúsum eða í Hamrahlíð 17 og einnig hafa félagsmenn verið heimsóttir á vinnustaði sína. Sigþór Unnsteinn Hallfreðsson, formaður Retina Íslands

Ársskýrsla Opins húss 2018–2019

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap og eiga samverustundir með skemmtilegu fólki. Í Opnu húsi á fólk góða stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a.

söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna.

Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólk en þó mætir þangað fólk á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali nálægt 20 manns. Opið hús var á starfsárinu með sínu sama hefðbundna sniði og verið hefur

undanfarin ár og starfsemin verið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13–15. Umsjónarmenn Opna hússins voru Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir, Ingunn Jensdóttir, Jón Júlíusson, Jónína Herborg Jónsdóttir, Ólafur Beinteinn Ólafsson, Sigurður G. Tómasson og Steinunn Helgu Hákonardóttir. Félagsmálafulltrúi Blindrafélagsins hefur yfirumsjón með starfseminni og samræmir dagskrá. Starfi félagsmálafulltrúa gegndi Steinunn Helgu Hákonardóttir til ársloka 2017 en um áramótin tók Hjalti Sigurðsson við starfinu. Opið hús fór í fjórar ferðir og heimsóknir 2017–2018. Í vorferðinni 2017 voru Friðheimar og Kaffi Mika í Reykholti heimsótt og á heimleiðinni var farið út að borða á Hótel Grímsborgum. Sumarferðin hélt sína leið í Hvalfjörðinn þar sem stríðsminjasafn í umsjón Gauja litla var skoðað og borðað á Hótel Glym. Leiðin lá aftur austur fyrir fjall í haustferð Opins húss og var Lava-setrið á Hvolsvelli skoðað og þar drukkið kaffi og með því. Á leiðinni til Reykjavíkur var farið út að borða á Hótel Örk.

Sex meðlimir Suðurlandsdeildar Blindrafélagsins slógust í hópinn á Selfossi. Í mars sl. var svo farið á þriðjudegi á Akranes að heimsækja Vesturlandsdeildina. FEBAN, Félag eldri borgara á Akranesi, bauð til kaffisamsætis og tónlistar- og fræðsludagkrár í sal sínum. Þátttakan í ferðum Opna hússins er alltaf góð, á bilinu 40–55 manns. Í ferðalögum nýtur félagsmáladeildin liðsinnis starfsmanna úr afgangi og eldhúsi félagsins. Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst kl. 11 með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur með tónlistardagskrá. Í vetur var Opið hús á laugardegi haldið þrisvar, 16. desember, 3. mars og 21. apríl. Meðal gesta voru Anna Sigríður Þráinsdóttir, Elísabet Brekkan og hljómsveitin Baggalútur. Hjalti Sigurðsson, félagsmálafulltrúi

Ársskýrsla Ungblind 2018–2019

Aðalfundur Ungblind vorið 2018 var haldinn 14. mars. Þar var samþykkt að halda aðalfundi framvegis að hausti sem helgarviðburð að norrænum sið. Til stóð að halda hann í nóvember 2018 en vegna dræmrar þátttöku á verkefnahluta 2 í Erasmus+ verkefni Ungblind, Stefnumót kynslóðanna, var fundinum frestað.

Á aðalfundinum voru eftirfarandi kosin í stjórn: Eyþór Kamban Þrastarson formaður,

Colin Arnold Dalrymple,
Helga Dögg Heimisdóttir.

Í varastjórn sitja:

Margrét Helga Jónsdóttir,
Iva Marín Adrichem.

Á starfsárinu hittust félagsmenn Ungblind nokkrum sinnum á óformlegum fundum á kaffihúsi. Norrænar sumarþúðir voru að þessu sinni haldnar í Áre í Svíþjóð og tóku þrír Íslendingar þátt. Ungblind tók virkan þátt á alþjóðlegum vetfangi. Árið 2017 var Blindrafélaginu boðið að taka þátt í verkefni landskrifstofu Erasmus+ fyrir stofnanir og

félög sem vinna með fötluðum ungmennum. Samstarfið fól í sér fundi og fræðslu með starfsmönnum landskrifstofu og var búist við að þær stofnanir sem tækju þátt skipulegðu Erasmus+ verkefni. Verkefni Ungblind sem ber heitið Stefnumót kynslóðanna byggir á hugmynd um samræður milli ungmenna og stjórnenda Blindrafélagsins. Sem hluti af verkefninu hélt Ungblind málstofu um réttindi fatlaðra nemenda í framhaldsskólum og heppnaðist sá viðburður mjög vel. Þar sköpuðust góðar samræður milli ungmenna, ráðamanna og skólastarfsmanna. Verkefninu lýkur í apríl í ár. Samstarfinu með landskrifstofu Erasmus+ lauk með lokaráðstefnu í Carcavelos í Portúgal í júní 2018. Þar safnaðist saman fólk frá 13 löndum til að deila af reynslu sinni og segja frá verkefnum sínum. Þátttakendurnir frá Íslandi voru fimm: starfsmaður landskrifstofu Erasmus+, tveir frá Hinu húsinu og Helga Dögg Heimisdóttur og Marjakaisa

Matthíasson frá
Blindrafélaginu.

Dream it, Do it

Ungblind tók einnig þátt í öðru samstarfsverkefni á vegum Erasmus+. *Dream it, do it* var haldið í Berlín í lok september 2018. Verkefnið snerist um að tengja saman ungt fólk með hugmyndir um samstarfsverkefni í von um að skapa fleiri góð verkefni í framhaldinu. Átta Evrópulönd með Íslandi tóku þátt í verkefninu. Tveir Íslendingar tóku þátt, Helga Dögg Heimisdóttir og Eyþór Kamban

Þrastarson. Eftir verkefnið liggja nokkrar hugmyndir um verkefni sem hugsanlega verða að veruleika á næstu árum. Aðalfundur Ungblind 2019 var haldinn 19. janúar eftir að honum hafði verið frestað. Í stjórn voru kosin: Helga Dögg Heimisdóttir formaður, Eyþór Kamban Þrastarson, Dagbjört Andrésdóttir, Sandra Dögg Guðmundsdóttir og Sigrún Hekla Sigmundsdóttir.

Ársskýrsla tómsfundanefndar 2018–2019

Í tómsfundanefnd Blindrafélagsins 2018–2019 eru Kaisu Hynninen, Ragnheiður Sveinsdóttir, Elma Finnbogadóttir og Eyþór Kamban Þrastarson. Tómsfundarnefnd hélt blokkflautunámskeið í október 2018. Kennari var Kaisu Hynninen og nemendur lærðu mikið (en æfðu ekkert...).

Jólamarkaður í desember var stærri en á síðasta ári. Vonandi verður þetta ennþá stærra í framtíðinni.

Jóladjamm með Eyþóri var líka í desember og það var gaman að spila saman. Salsanámskeið í apríl vakti lukku. Salsa er betra en zúmba, sögðu margir, og vonandi verða áhrifin meiri salsadans í Hamrahlíð 17. Að dansa er besta æfingin fyrir fólk sem situr mikið.

15.4.2019,
Kaisu Hynninen

Ársskýrsla skemmtinefndar 2018–2019

Í skemmtinefnd Blindrafélagsins 2018–2019 eru Baldur Snær Sigurðsson, Hannes Axelsson, Arnheiður Björnsdóttir, Þórarinn Þórhallsson, Ragnar Þór Steingrímsson og Gunnar Már Óskarsson.

Skemmtinefndin ætlaði að vera með undirbúning að sumarhátíð í Hamrahlíð ásamt foreldradeild og sjóðnum Blind börn á Íslandi. Vegna framkvæmda við húsið í Hamrahlíð 17 var ekki hægt að nota garðinn okkar fyrir þessa hátíð. Tekinn var frá dagur í Skemmtigarðinum í Grafarvogi en vegna lakrar skráningar var hætt við daginn. Það er fyrirséð að sumarið 2019 verði áfram framkvæmdir í Hamrahlíð 17 og verður því líklega engin sumarhátíð haldin. Sumarið 2020 verður reynt að halda stóra sumarhátíð í garðinum við húsið okkar í Hamrahlíðinni. Skemmtinefndin hélt skemmtikvöld með mexíkósku þema föstudaginn 26. október 2018. Settum við saman smá pubquiz-spurningakeppni og Sigbór Unnsteinn Hallfredsson formaður sá um að vera spurninga- og veislustjóri. Jón

Héðinn Kristinsson setti saman í glæsilega Taco-þrennu og tónlistargestir kvöldsins voru þeir Hlödver Smári Oddsson og Friðrik Örn Sigþórsson úr hljómsveitinni Melophobia og héldu þeir stemningunni uppi langt fram á kvöldið.

Jólahlaðborðið var haldið laugardaginn 1. desember 2018 og veislustjóri var Björk Jakobsdóttir. Björk fór á kostum og var mikið hlegið í salnum og skemmtileg stemning. Kokkarnir veisluþjónusta sáu um hlaðborðið og var það glæsilegt eins og vanalega.

Þorrablótið var svo haldið laugardaginn 2. febrúar og var uppselt á blótið hjá okkur þetta árið. Veislustjóri var Jón Ólafsson tónlistarmaður og sérstakur gestur var hún Hildur Vala söngkona. Jón og Hildur spiluðu og sungu fyrir okkur mörg lög og svo var smá fjöldasöngur og salurinn tók vel undir. Kokkarnir veisluþjónusta voru aftur með matinn hjá okkur enda hafa þau ekki brugðist okkur ennþá og var þorraveislan hin glæsilegasta.

Föstudaginn 5. apríl 2019 stóð skemmtinefndin fyrir Bítlakvöldi í Hamrahlíðinni. Góðir tónlistargestir komu í heimsókn og spiluðu lög eftir Bítlanu. Var bæði vel mætt og vel tekið undir í söng. Grillvagninn var svo með hamborgaraveislu fyrir gestina. Þótti kvöldið heppnast einstaklega vel.

Skemmtinefnd vill koma á framfæri sérstökum þökkum til starfsfólks skemmtananna. Lára Kristín Lárusdóttir, Þórkatla Norðquist og Dagbjört Bjarnadóttir hafa verið ómetanlegar í aðstoð og starfi á viðburðum skemmtinefndar og viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir – án ykkar væri þetta ekki hægt. Þið eruð höfðingjar.

Ársskýrsla þjónakaffis 2018

Þjónakaffið er haldið þriðja þriðjudaginn hvers mánaðar. Þó er hvorki haldið þjónakaffi á sumrin né í desember. Það hefur verið gaman að fylgjast með verkum okkar vaxa, hvort sem þau eru þjónuð, heklud eða annað. Það er alltaf ákveðinn kjarnahópur sem hittist en það er líka gaman að fá nýliða. Einstakir reka inn nefið, bara

til skrafs og ráðagerða. Enn hefur enginn komið með teikniblokk en þó hafa ratað inn fullorðinslitabækur og trélitir. Ég bíð enn eftir teikniblokkinni. Ég þakka fyrir samstarfið í vetur, maí er samt eftir, og svo bíð ég spennt eftir að sjá ykkur næsta vetur að vanda hress og kát.

Lilja Sveinsdóttir

Skýrsla ferða- og útivistarnefndar

Í ferða- og útivistarnefnd eru Kristinn Halldór Einarsson, Rósa Ragnarsdóttir, Sigurjón Einarsson og Kaisa Matthíasson sem hefur unnið með nefndinni að skipulagningu

Færeyjaferðarinnar. Í vetur hafa verið gengnar sunnudagsgöngur frá Hamrahlíð 17 um það bil einu sinni í mánuði. Sigurjón Einarsson hefur séð um göngurnar sem hafa verið

auglýstar í Fréttabréfi
Blindrafélagsins. Á vetrarhátíð
var sögusafnið heimsótt á
safnanótt. Dagana 10.–15. júlí
fara 40 mannas í ferð til
Færeyja á vegum ferða- og
útivistarnefndar Blindra-
félagsins. Fjölbreytt dagskrá

hefur verið skipulögð, auk þess
sem heimboð liggur fyrir frá
færeyska Blindrafélaginu.

Með kærri kveðju,
Rósa Ragnarsdóttir

Aðrar Skýrslur

Blindravinnustofan 2018

Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og er hún í eigu Blindrafélagsins. Frá stofnun hefur Blindravinnustofan verið ómissandi hlekkur í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi. Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa um 30 einstaklingar, þar með talin rekstrarstjóri, þroskaþjálfari og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum. Rauði þráðurinn í starfsemi Blindravinnustofunnar felst í pökkun og sölu á hreingerningarvörum undir vörumerkjum Blindravinnustofunnar. Önnur starfsemi er til að mynda ljósmyndaskönnun, bastvöggugerð og viðgerðir auk

vörumerkinga fyrir ýmis fyrirtæki. Sú starfsemi óx mikið á árinu og skipuðu vörumerkingar veigamikinn sess í starfseminni. Áfram var unnið að hagræðingarverkefnum. Þar ber helst að nefna verkefni tengd innkaupum en beinn innflutningur hefur aukist hjá Blindravinnustofunni á undanförunum árum. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Þýskaland, Svíþjóð, Bretland, Kína og Bangladess. Einnig fólst mikil hagræðing í flutningi lagers Blindravinnustofunnar í Hamrahlíðina og er nú öll starfsemin komin undir eitt þak. Samhliða þeim flutningni var afgreiðsla Blindravinnustofunnar sameinuð afgreiðslu Blindrafélagsins sem hefur haft í för með sér betri þjónustu fyrir viðskiptavini félagana.

Stutt yfirlit yfir starfsemi Hljóðbókasafns Íslands árið 2018

Árið 2018 gekk vel og safnið var rekið innan fjárheimilda.

Nýjungar á árinu

Stærsta mál ársins var gangsetning HBS-appsins fyrir bæði Android- og iOS-stýrikerfi. Appið er keypt af dönsku systurstofnuninni NOTA og þurfti mikið að aðlaga kerfi safnsins og uppfæra til að geta tekið appið í notkun. Þessi vinna reyndist miklu meiri en áætlað hafði verið og seinkaði innleiðingu appsins nokkuð. Samstarfsaðili safnsins í þessu verkefni er hugbúnaðarfyrirtækið Prógramm. Miklu munar að appið gangi líka fyrir iOS sem er mikið notað hérlendis.

Þá var mikil vinna lögð í að styrkja rekstrarlega innviði safnsins og mæta þannig nýjum kröfum samfélagsins og lagaforsendum sem eru sífellt að breytast. Markmiðið er gagnsætt og auðskiljanlegt skipulag í samræmi við lög og reglur um opinbera stjórnsýslu. Hafin var innleiðing nýs skjalastjórnunarkerfis með aðstoð ráðgjafarþjónustunnar Avanti og gerð fyrsta persónuverndarstefna safnsins, aðlöguð að því lagaumhverfi sem safnið starfar í.

Bókakostur, miðlun og útlán

Í lok árs var bókakosturinn 10.982 útlánshæfar bækur. Af þeim voru 299 lesnar á safninu árið 2018. 169 þeirra eru bækur íslenskra höfunda. Barna- og unglingabækur voru 72 og námsbækur 18. Bækur sem fengnar voru erlendis frá voru 66, þar af 36 námsbækur, margar þeirra á sérsviðum sem safnið hefði ekki bolmagn til að láta lesa.

Þannig bættust alls við 368 nýir titlar á árinu. Þótt talningar útlána séu ekki alveg marktækar gefa þær þó mikilvægar vísbendingar um notkunarmynstur. Samkvæmt þeim er vinsælasta útlánaformið streymi, það er um 60% útlána, niðurhal um 20% og geisladiskar um 20%. Ljóst er að streymið mun halda áfram að vaxa og er það mjög

ánægjulegt og hagkvæmt hvað varðar kostnað og höfundaréttarvarnir. Geisladiskarnir eru erfiður miðill, bæði umhverfislega séð og eins vegna þess að tæknilega eru þeir fulltrúi liðinna tíma. Enn eru þó margir lánþegar sem taka þennan miðil fram yfir aðra og margir hafa fjárfest í afspilunarbúnaði sem hentar þeim vel. Við munum reyna að draga úr útlánunum á geisladiskum en enn sem komið er getum við ekki hætt þeim. Lánþegum fjölgaði verulega á árinu og það er í fullu samræmi við það sem er að gerast í þeim

löndum sem við miðum okkur við. Samfélagið er að átta sig á því að prentleturshamlanir eru af ýmsum toga og nú njóta margir ávaxtanna af því starfi sem hófst hjá Blindrafélaginu fyrir margt löngu. Í lok árs voru virkir lánþegar 12.389 og hafði fjölgað um rétt tæplega 2000 frá því árið áður.

Rétt er að minna á að enginn getur orðið lánþegi án þess að hafa fullgilt vottorð/tilvísun frá sérfræðingi. Starfsfólk safnsins hefur ekkert um það að segja hverjir geta orðið lánþegar – það er alfarið í höndum greiningaraðila.

Alþjóðlegt samstarf

Samvinna við systurstofnanir á Norðurlöndum var öflug eins og síðastliðin ár. Samstarfið er grundvallaratriði í stefnumótun og nýtur safnið þess að þessar stofnanir eru í fremstu röð í heiminum í þjónustu við prentleturshamlaða.

Auðséð er að áratuga löng barátta prentleturshamlaða er að skila árangri hvað varðar aðgengi að upplýsingum á prentletursformi á heimsvísu. Með innleiðingu Marrakess-sáttmálans í meira en 75

löndum, þar með talið öllum löndum Evrópusambandsins, styrkist staða prentleturshamlaðra til muna. Markmiðið er að útgáfa efnis verði það sem kallað er Born Accessible á ensku, þ.e. að efnið sé þegar aðgengilegt í fyrstu útgáfu og þurfi enga aðlögun eftir á.

Með því að vera aðilar að alþjóðlegu aðgengissamtökunum The Daisy Consortium fylgjumst við

líka með því sem er að gerast á alþjóðavettvangi.

Við finnum vel fyrir þeim kröfum sem fyrirmyndarþjónusta ýmissa

þessara stofnana skapar og það eru þær vörður sem við lítum fyrst og fremst til í náinni framtíð.

Næstu skref

Heimasíður stofnana á borð við Hljóðbókasafnið þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Við munum leggja áherslu á að reyna að gera safnkostinn aðgengilegri með því að bæta leitarmöguleika og endurskipuleggja skráningu bókakostsins.

Við þurfum að hyggja að þeim sem hafa annað móðurmál en íslensku. Hér má safnið taka sig verulega á.

Verið er að skoða samstarfsmöguleika við Textalk í Svíþjóð í sambandi við útgáfu

dagblaða og tímarita. Allir sjá hversu mikill hagur væri af þess háttar útgáfu en leysa þarf úr ýmsum atriðum áður en þetta verkefni getur orðið að raunveruleika.

Það er ljóst að mikið átak er í vændum varðandi stafrænt umhverfi íslenskunnar og við viljum vera hluti af þeirri þróun.

Kærar kveðjur frá Hljóðbókasafninu með ósk um gleðilegt sumar,
Einar Hrafnsson

Skýrsla frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu 2018

Almennt

Starfsemi Miðstöðvarinnar árið 2018 gekk almennt vel. Markmið Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og

einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða með samþætta sjón- og

heyrnarskerðingu til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómstunda og atvinnuþátttöku. Til að ná þessum markmiðum veitum við meðal annars margvíslega ráðgjöf í sérkennslu, umferli og athöfnum daglegs lífs, sjónfræði, tölvum og tækni, náms- og starfsráðgjöf, félagsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og atvinnu- og virkniráðgjöf. Miðstöðin veitir líka fræðslu um hin ýmsu málefni sem tengjast blindu og sjónskerðingu til notenda, aðstandenda, skóla, vinnustaða, sveitarfélaga og

annarra opinberra stofnana. Einnig sér stofnunin um að úthluta hjálpartækjum til notenda og má þar nefna gleraugu, stækkunargler, hljóðspilara og vefvarp, talgervla og stækkunartæki. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði Miðstöðvarinnar á árinu og hafa gamalreyndir starfsmenn hætt og nýir komið í þeirra stað. Er þeim sem hættu þökkun störf þeirra fyrir Miðstöðina og óskað velfarnaðar á nýjum slóðum. Nýir starfsmenn eru boðnir velkomnir til starfa og óskað velgengni í störfum sínum hjá Miðstöðinni.

Notendur

Í árslok 2018 voru 1590 einstaklingar í skráðum ferlum eða þjónustu hjá Miðstöðinni. Þar af voru 168 börn á aldrinum 0-17 ára. Á aldrinum 18-66 ára voru 337 einstaklingar skráðir í þjónustu og 67 ára og eldri voru 1084 talsins. Af notendum Miðstöðvarinnar eru 828 (52%) notendur greindir með aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD), 101

(6,4%) notendur með gláku og 96 (6%) notendur með RP. Af þeim sem eru með AMD eru 49% í sjónskerðingarflokk 1 og 50% lögblindir eða blindir. Af hópnum 18 ára til 66 ára sem eru með AMD eru 107 í sjónskerðingaflokk 1, 137 í lögblindu flokki 2 og 9, 40 í blinduflokk 3, 36 í blinduflokk 4 og 17 í blinduflokk 5. Af börnum eru 49 með heilatengda sjónskerðingu eða

29% , 77 eru í sjónskerðingarflokki 1, 80 í lögblinduflokki 2 og 9, 11 í blinduflokki 3 og 4. Með aldurstengda samþætta sjón- og heyrnarskerðingu eru 292 og einstaklingar og með síðbúna eða meðfædda sjón- og heyrnarskerðingu eru 58 einstaklingar.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð sér um endurgreiðslur ríkisins vegna gleraugnakaupa en öll börn eiga rétt á gleraugnaendurgreiðslum að 18 ára aldri. Árið 2018 fengu 4461 einstaklingar gleraugnaendurgreiðslu.

Bókagerð

Árið 2018 voru afgreiddar 1359 pantanir í framleiðsludeildinni sem er umtalsverð fækkun frá árinu 2017 en þá voru 1989 pantanir. Ástæðu þessarar fækkunar má meðal annars rekja til þess að pöntunum fyrir háskóla- og framhaldsskólanema hefur fækkað, t.d. vegna fækkunar nemenda og þess að fleiri nýta sér rafrænar bækur.

Þá ber að hafa í huga að mælikvarðinn fjöldi pantana segir ekki alla söguna. Mjög mismunandi er milli pantana hvað margar vinnustundir eru þar á bakvið. Því þarf að finna annan mælikvarða sem skilgreinir betur það álag sem er á framleiðsludeildinni hverju sinni.

Fræðsla

Miðstöðin hélt 24 námskeið og fræðsluerindi árið 2018 og voru þátttakendur um 320 talsins og tímafjöldi samtals 62 klukkustundir. Námskeiðin voru fjölbreytt og má þar til dæmis nefna námskeið um þreifibækur, námskeið um

Victor Reader, jafningjafræðsla, námskeið um leiðsöguhunda, kynningar um Miðstöðina, fræðslu fyrir hjúkrunarheimili og fræðslufund um aldurstengda augnbotnahrörnun (AMD).

Þróunarverkefni

Miðstöðin er þátttakandi í nokkrum þróunarverkefnum en slík verkefni eru afar mikilvæg fyrir stofnun eins og Miðstöðina til að bæta við sig þekkingu og til að framþróun geti átt sér stað. Verkefnin sem nú er unnið að eru eftirfarandi: *I-Express* - Markmið verkefnisins er að safna og miðla þekkingu um þróun og nýjungar í notkun hjálpartækja fyrir MDVI-notendur. Endanlegt markmið verkefnisins er að til verði evrópsk námskrá um notkun hjálpartækja fyrir MDVI-notendur og innleiðing slíkrar námskrár. *Print3d* - Tilgangur verkefnisins er að þróa kennsluleiðir varðandi þrívíddarprentun, með sérstakri áherslu á kortagerð.

Stærsta hlutverk okkar á Miðstöðinni í þessu verkefni er að búa til kennslubók og leiðbeiningahefti um þrívíddarprentun bæði fyrir kennara og nemendur. *Vapet-Vip* - Verkefnið miðar að því að búa til rafrænt kennsluefni fyrir fagfólk í endurhæfingu og þjálfun sjónskertra. Verkefninu *Sound of Vision* lauk í byrjun árs 2018. Verkefnið miðaði að því að búa til skynjunarbúnað fyrir blinda einstaklinga til að auðvelda þeim að komast leiðar sinnar. Tækið á að gefa upplýsingar um umhverfi, annars vegar með hljóði og hins vegar með snertingu og endaði verkefnið með prótótýpu.

Þakkir

Starfsmenn Miðstöðvarinnar þakka Blindrafélaginu fyrir gott samstarf nú sem endranær og

við hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs á komandi árum.

SKÝRSLA STJÓRNAR	4
STEFNUMÓTUN, LÖG, SIÐAREGLUR OG VIÐBRAGÐSÁÆTLANIR	4
FÉLAGSFUNDIR	5
SAMSTARFSFUNDIR	6
SAMSTARF VIÐ FJÓLU	7
ALÞJÓÐASAMSTARF	7
FERÐAÞJÓNUSTA BLINDRAFÉLAGSINS	8
LEIÐSÖGUHUNDAVERKEFNIÐ	9
VIÐHALDSFRAMKVÆMDIR Á HAMRAHLÍÐ 17	10
ALÞJÓÐLEGI SJÓNVERNDARDAGURINN OG DAGUR HVÍTA STAFSINS	11
AFMÆLISÁRIÐ	12
VARÐVEISLA MENNINGARARFS BLINDRAFÉLAGSINS	12
SAMNINGUR SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM RÉTTINDI FATLAÐS FÓLKS	13
AÐGENGISMÁL	14
PUNKTALETUR	15
MÁLSTOFUR.....	16
HÁDEGISSPJALL	16
VIÐHORFSMÆLINGAR BLINDRAFÉLAGSINS	17
<i>Lífshamingja og velferð</i>	18
<i>Neikvæðir atburðir, áreitni og kynbundið ofbeldi</i>	19
SAMSTARFSSAMNINGUR VIÐ ÍÞRÓTTASAMBAND FATLAÐRA	19
BAKHJARLAR.....	20
JAFNINGJASTUÐNINGUR, TRÚNAÐARMENN OG STUÐNINGSNETIÐ	21
SAMSTARFSADILAR.....	22
ÚTGÁFUMÁL OG UPPLÝSINGAFLÆÐI.....	22
TÖLVU- OG TÆKNIÞEKKING	23
RÉTTINDAGÆSLA.....	24
LOKAORÐ	24
STARFSEMI SKRIFSTOFU	26
FERÐAÞJÓNUSTA BLINDRAFÉLAGSINS	28
<i>Hagtölur ferðaþjónustu Blindrafélagsins fyrir 2018</i>	29
<i>Samanburður á kostnaði</i>	30
<i>Verðmæt þjónusta</i>	30
VÖRUSALA OG TÆKJALEIGA.....	31
<i>Vörusala</i>	31
<i>Handi-friendly</i>	31



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - blind.is - blind@blind.is